1. Gjaldþrotið hefur þýðingu gagnvart öllum næsta dag eftir útgáfudag þess Lögbirtingablaðs, þar sem auglýsing um úrskurðinn birtist í fyrsta skipti. Frá uppkvaðningu úrskurðarins og fram til áður nefnds dags, hefur gjaldþrotið þýðingu gagnvart þeim, sem vissi eða mátti um það vita.
2. Ákvæði 1. málsg. gilda ekki, ef reglur um viðskiptabréf og þinglýsingu eða aðra skráningu leiða til annars.

24. gr.

1. Ekki verður gerð gild fúgetagerð í eignum, sem heyra þrotabúinu til, eftir uppsögu gjaldþrotáúrskurðar, nema til fullnustu dóms um afhendingu tiltekins hlutar eða fasteignar. Slík fúgetagerð má fara fram, ef meðferð eigna búins er falin bústjóra til bráðabirgða eða skiptastjóra.
2. Gjaldþrot breytir ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafa látið fara fram fullnustugerð fúgeta í eignum skuldara eða eiga haldsrétt í þeim, handveð eða handveðsigildi eða megi láta selja af eignum skuldara á nauðungarupphæði án undanfarandi réttargerða.
3. Kyrrsetning gerð fyrir upphaf gjaldþrotaskipta fellur brott.

V. KAFLI

Eignir þrotabús.

25. gr.

Til skipta skal taka eignir þrotamanns á frestdegi svo og það, sem hann eignast meðan á skiptunum stendur, sbr. þó 26. gr.

26. gr.

Það, sem þrotamaður vinnur sér inn, meðan á skiptum stendur, rennur ekki til búins.

27. gr.

1. Arfur, sem þrotamanni tæmist, meðan á skiptum stendur, rennur til búsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, sem þrotamanni hlotnast á því tíma-bili. Þetta gildir ekki ef lögættar ákvarðanir gefanda eða arfleiddanda eru því til fyrirstöðu.
2. Þrotabúið getur ekki vefengt ákvæði erfðaskrár um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns.
3. Þrotamaður getur samþykkt, að maki arfláta sitji í óskiptu búi.

28. gr.

1. Ef þrotamanni tæmist arfur, meðan á skiptum stendur, getur skiptaráðandi, sem fer með skipti þrotabúsins, heimilað einkaskipti eða látið þrotabúið gangast við skuldum dánarbúsins, ef aðrir erfingjar skuldbinda sig skriflega til að bæta þrotabúinu in solidum tjón, sem af þessu kann að hljóta.
2. Kröfur á þrotabúið vegna ábyrgðar á skuldum dánarbús skv. 1. mgr. skal greiða sem forgangskröfur skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

29. gr.

Eignir þrotamanns, sem ekki má gera fjárnám í, renna ekki til þrotabús hans, nema svo sé sérstaklega ákveðið í lögum.

VI. KAFLI**Kröfur á búið.****30. gr.**

1. Eignum þrotabús skal varið til að greiða þeim, sem kröfur áttu á þrotamann, þegar úrskurður var kveðinn upp um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, og þeim, sem síðar eignast kröfur á búið með lögættum hætti.
2. Endurgreiðslukrafa vegna greiðslu á skuldbindingu, sem hvíldi á þrotamanni, telst stofnuð við upphaf þeirrar skuldbindingar.

31. gr.

1. Allar lögættar kröfur, sem lánardrottinn hafa á hendur þrotamanni og full-nægja á af eignum búsins, skal meta til peningaverðs, og sé miðað við, hve miklu það varði lánardrottina að fá kröfurnar greiddar.
2. Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar upp er kveðinn úrskurður skv. 19. gr., og getur búið greitt þær þegar í stað án tillits til þess gjalddaga, sem áður var.
3. Kröfum í erlendum gjaldeyri skal breyta í kröfur í íslenskum krónum samkvæmt gengi á þeim degi, þegar lánardrottinn fékk vitneskju um, að hann gæti fengið greiðsluna.

32. gr.

1. Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, eða hann fékk kröfuna til að skuldajafna.
2. Ekki má framselja viðskiptabréf búsins, áður en innköllunarfrestur er liðinn og ekki síðar, ef mótkröfu er lýst þannig, að fyrirgert sé með því gagnkröfu-

rétti. Sé þetta gert, skal búið greiða bætur og fer um rétt eigenda þeirrar bóta-kröfu eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

3. Kröfur þær, sem taldar eru í 86. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 6. gr. laga nr. 32/1974, verða ekki notaðar til skuldajafnaðar gagnvart þrotabúi, nema eignir búsins nægi til að greiða þær, þegar að úthlutun kemur.

33. gr.

Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu, sem búið á, ef skilyrðið er uppfyllt. Ef svo er ekki og krafa búsins er greidd, en skilyrðið síðar uppfyllt, skal greiða kröfuna á búið eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Ef óvíst er, þegar úthlutun fer fram, hvort skilyrðið verður uppfyllt, skal taka frá fé til greiðslu kröfunnar, sbr. 124. gr.

34. gr.

Ef hluti kröfu er greiddur úr búi vegna veðs eða annarra tryggingarréttinda, skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar en ekki heildarupphæð hennar.

35. gr.

1. Ef fleiri en þrotamaður ábyrgjast kröfu og sú ábyrgð er óskipt (solidarísk), skal reikna hlutfallstölu þá, sem greidd er við úthlutun, af heildarupphæð kröfunnar, þó að
 - a) annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar og hann hafi mátt endurkrefja þrotamann,
 - b) hluti kröfunnar hafi verið greiddur úr búi annars skuldara,
 - c) annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.
2. Ef annar skuldari hefur þegar fengið endurgreiðslu frá þrotamanni vegna greiðslu hins fyrrnefnda á hluta kröfunnar, og þrotabúið riftar ekki þeirri endurgreiðslu, skal þó reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af afgangi kröfunnar.

36. gr.

Kröfuhafa, er fengið hefur greiðslur frá fleirum en þrotabúinu, skal ekki greiða meira samtals en kröfu hans með vöxtum og málskostnaði. Ef greiðsla, sem hann átti að fá úr þrotabúinu, myndi leiða til, að hann fengi hærrí greiðslu, skal skiptaréttur skipta mismuninum milli samskuldara kröfunnar eftir réttarsambandi þeirra. Sé samskuldari þrotabúi, er ekki um frekari kröfu í það að ræða.

37. gr.

Ef lýst er kröfu í bú (aðalkröfu) og einnig endurgreiðslukröfu vegna sömu aðalkröfu, skal reikna hlutfallstöluna, sem greidd er við úthlutun, af samanlögðum fjárhæðum þessara krafna. Upp í endurgreiðslukröfuna skal það aðeins greitt, sem er umfram fjárhæð aðalkröfunnar. Ef fleiri en einn gera réttar endurgreiðslukröfur, skal skipta fé milli þeirra eftir reglu 36. gr.

38. gr.

1. Ef kröfu (aðalkröfu) er lýst í bú og endurgreiðslukrafa samskuldara er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þrotamanns, skal lækka þá fjárhæð, sem samskuldari getur krafist á grundvelli tryggingarréttarins, um þá upphæð, sem kemur upp í aðalkröfuna vegna þeirrar upphæðar sem trygg-ingarrétturinn er fyrir.

2. Beita skal reglum 1. mgr., ef samskuldari getur fengið greiðslu með skuldajöfnuði.

39. gr.

1. Samskuldari, sem á endurkröfurétt á þrotamann og hefur greitt skuld þeirra á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag, á sama rétt til greiðslu úr þrotabúinu og lánardrottinn þeirra hefði átt, ef hann hefði ekki fengið þessa greiðslu frá samskuldaranum. Samskuldarinn á þó ekki kröfu til að fá hærri fjárhæð úr þrotabúinu en hann hefði getað krafist þrotamann um, ef ekki hefði til gjaldþrotsins komið.
2. Ef fleiri samskuldarar en einn hafa greitt skuldina, skal því fé, sem þeir fá úr þrotabúi, skipt á milli þeirra eftir reglum 36. gr.

40. gr.

Beita skal reglum 35.—39. gr. er krafa á búið er tryggt með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þriðja manns.

VII. KAFLI

Gagnkvæmir samningar.

41. gr.

Ákvæðum í þessum kafla skal ekki beita, ef annað leiðir af öðrum lagaákvæðum eða af eðli réttarsambandsins.

42. gr.

Ef þrotamaður hefur gert gagnkvæman samning fyrir upphaf skipta, en ekki innt sína greiðslu af hendi, þá getur viðsemjandi hans haldið sinni greiðslu eða, sé greiðslan farin frá honum, varnað því, að hún sé afhent búinu, uns nægileg trygging er sett fyrir greiðslu frá búinu á gjalddaga. Þetta gildir, þó að kominn sé gjalddagi greiðslu viðsemjandans.

43. gr.

1. Búið getur tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi.
2. Viðsemjandinn getur krafist þess, að búið taki afstöðu til þess innan hæfilegs frests, hvort það noti rétt sinn skv. 1. mgr. Í samningnum má kveða á um lengd þessa frests.
3. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur úr búinu smátt og smátt, á viðsemjandi rétt til að fá greiðslu, sem búið skyldi inna af hendi síðar en við upphaf skiptanna, greidda sem forgangskröfu eftir 82. gr. 3. tölulíð laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

44. gr.

1. Ef sá tími er kominn, er viðsemjandinn má greiða, og búið notar rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., skal búið að kröfu viðsemjanda inna sínar greiðslur af hendi eða setja tryggingu, ef það á rétt á greiðslufresti. Sama rétt á viðsemjandinn, ef hann hefur greitt og gæti fengið greiðslunni skilað, ef búið hefði ekki notað rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr.
2. Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur smátt og smátt af beggja hálfu, skal trygging, sem búið setur, jafnan vera fyrir elstu kröfum á það, þeirra sem til urðu eftir upphaf skipta.

3. Skiptarétturinn getur vikið frá ákvæðum 1. og 2. mgr., ef talið er, að sanngjarnt sé vegna hagsmuna viðsemjandans. Einnig getur skiptaréttur fellt úr gildi eða breytt samningsákvæðum um tryggingar, ef talið er, að þau séu ósanngjörn í garð þrotabúsins.

45. gr.

1. Ef búíð notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr. eða setji það ekki tryggingu skv. 44. gr., getur viðsemjandinn rift samningnum.
2. Hið sama er, er rifta hefði mátt, ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskiptanna.
3. Ef viðsemjandinn hefur greitt að nokkru eða öllu, getur hann rift og krafist skila þess, er hann hefur greitt, ef reglur um samninga eins og þann, sem um er að ræða, heimila slíkt.

46. gr.

Ef búíð notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., getur viðsemjandinn krafíð það um bætur, sbr. þó 48. gr.

47. gr.

Ef búíð notar ekki rétt sinn skv. 43. gr. 1. mgr., en því barst greiðsla frá viðsemjandanum eftir upphaf skiptanna, skal það skila henni.

48. gr.

1. Búíð getur sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti. Þetta gildir, þó að þrotamaður hafi samið um lengri frest eða að réttarsambandið skuli vera óuppsegjanlegt, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti.
2. Viðsemjandinn getur einnig gagnvart búinu sagt samningnum upp með venjulegum eða sanngjörnum fresti, nema þrotamaður hafi mátt framselja sinn rétt.
3. Þegar sérstaklega stendur á, má úrskurða í skiptarétti, að sá, sem notar uppsagnarrétt skv. 1. eða 2. mgr., skuli greiða hinum aðilanum bætur fyrir tjón vegna hins stytta uppsagnarfrests. Krafan í þrotabúíð er almenn krafa.

49. gr.

Ef þrotamaður hefur tekið fasteign á leigu til atvinnurekstrar síns og geti búíð ekki strax gefið yfirlýsingu skv. 43. gr. 1. mgr., á viðsemjandinn rétt á að fá leigu frá upphafi skipta og þar til yfirlýsingin er gefin greidda skv. 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

50. gr.

1. Án tafar skal ákveða, hvort búíð taki við réttindum og skyldum skv. vinnusamningnum við starfsmenn við atvinnurekstur þrotamanns.
2. Jafnan má krefja búíð um laun frá upphafi skiptanna og þar til gefin er yfirlýsing skv. 1. mgr. eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.
3. Ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir launþega krefjast þess, getur hann rift vinnusamningi án tillits til annarra ákvæða í þessari grein.

VIII. KAFLI

Riftun ráðstafana þrotamanns o. fl.

51. gr.

1. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag.
2. Krefjast má riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent 6—12 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildir og um gjafir til nákominna, ef gjöfin var afhent 6—24 mánuðum fyrir frestdag.
3. Ekki verður krafist riftunar venjulegra tækifærisgjafa eða svipaðra gjafa eða styrkveitinga, ef gerningar þessir voru ekki kostnaðarsamari en svaraði til aðstöðu þrotamanns.

52. gr.

1. Ef þrotamaður hefur afsalað sér arfi á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, má krefjast riftunar þeirrar ráðstöfunar. Hafi arfsúthlutun farið fram, skal kröfu beint að þeim, sem vegna arfsafsalsins hefur fengið arf eða aukinn arf.
2. Krefjast má riftunar á arfsafsali, sem fram fór 6—24 mánuðum fyrir upphaf skipta, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir arfsafsalið.

53. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslum á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag frá þrotamanni til nákominna á launum, annarri þóknun fyrir vinnu og/eða eftirlaunum, ef greiðslan er bersýnilega hærrí en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Aðeins verður rift að því leyti, sem greiðslan er hærrí en sanngjarnt var.
2. Sama gildir um greiðslu 6—24 mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

54. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.
2. Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir greiðsluna.

55. gr.

Ef þrotamaður hefur greitt víxil eða tékka, verður ekki rift gagnvart þeim, sem varð að taka við greiðslu, ef hann vildi halda víxil- eða tékkarétti á hendur öðrum. Þó má rifta, ef búið sannar að ekki var unnt að fá greiðslu hjá þeim. Hins vegar ber þeim að greiða fjárhæðina, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt, enda hefðu verið skilyrði til að rifta, ef þrotamaður hefði greitt honum.

56. gr.

Ákvæði um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð, ef ekki má lýsa honum skv. 32. gr.

57. gr.

1. Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum, sem kröfuhafinn fékk á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, en ekki um leið og til skuldar-

innar var stofnað. Hið sama er, ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki á annan hátt tryggð gegn réttargerðum án ástæðulausrar tafar eftir að skuldin stofnaðist og ekki fyrir en á síðustu 3 mánuðum fyrir frestdag.

2. Sé veð sett til hagsbóta aðila nákomnum þrotamanni, má rifta, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun er gerð með þeim hætti, sem segir í 1. mgr., á síðustu 2 árum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir stofnun tryggingarréttindanna.

58. gr.

1. Fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindur búið á engan hátt, og ekki heldur, þótt rétturinn hafi verið framseldur þriðjamanni.
2. Sama gildir um fullnustugerð á síðustu 2 árum fyrir frestdag, sem gerð var að kröfu aðila, sem er nákominn þrotamanni, nema gerðarbeiðandi leiði í ljós með málssókn, að þrotamaður var þá gjaldfær og var það þrátt fyrir fullnustugerðina.
3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um fullnustugerð til innheimtu á lífeyri til maka eða fyrrverandi maka eða á barnsmeðlagi nema annað leiði til sérstöðu, sem er óhæfileg eftir atvikum.

59. gr.

1. Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar, ef greitt er eftir frestdag, nema reglur um skuldaröð leiði til að skuldin fengist greidd eða nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá, sem greiðslu naut, hafi hvorki vitað né mátt vita, að óskað hafði verið greiðslustöðvunar eða fram var komin krafa um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.
2. Krefjast má riftunar annarra ráðstafana, sem gerðar eru eftir frestdag, nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg vegna framhalds á starfsemi þrotamanns, eðlilegs tillits til sameiginlegra hagsmuna kröfuhafanna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verður rift gagnvart þeim, sem mátti líta svo á, að ráðstöfunin væri nauðsynleg samkvæmt framansögðu eða hvorki vissi né mátti vita um ósk um greiðslustöðvun eða kröfu um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.
3. Ef sá sem er skuldara til aðstoðar skv. 7. gr., hefur samþykkt greiðsluna eða ráðstöfunina, verður ekki rift nema samþykkið hafi augsýnilega verið gefið án heimildar.

60. gr.

Ef það er skilyrði riftunar, að ráðstöfun eða fullnustugerð fari fram á tilteknum tíma, telst það skilyrði uppfyllt, ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun, sem nauðsynleg er til að betri réttur fái ekki með réttargerð, fer fram á hinum tiltekna tíma.

61. gr.

Krefjast má riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða sem leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, eða sem leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

62. gr.

1. Ef riftun fer fram skv. 51.—58. gr. á ráðstöfun eða á réttargerð, skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni eða réttargerðinni, greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni búsins. Hafi hann fengið peninga greidda eða hafi greiðsla búsins verið seld og greidd í peningum, skiptir notkun peninganna engu um kröfu búsins. Ef ljóst er, að viðsemjanda var kunnugt um riftanleika ráðstöfunar, skal þó dæma hann til greiðslu tjónbóta.
2. Hagnað, sem fæst, eftir að riftunarmál er höfðað, skal greiða búinu.

63. gr.

Ef riftun fer fram skv. 59. gr. eða 61. gr., skal sá, er hag hafði af ráðstöfuninni, greiða bætur eftir almennum reglum.

64. gr.

Ef annar hvor aðila krefst þess, skal skila greiðslum í þeim mæli, sem þær eru enn til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Jafna skal greiðslur eftir því sem þarf með peningagreiðslu.

65. gr.

Ef sérstaklega stendur á, má lækka eða fella niður kröfu á þann, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin, að ósanngjarnt má teljast, og önnur atvik leiða til hins sama.

66. gr.

1. Ef sá, sem fékk verðmæti, hefur framselt þau þriðjamanni, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglum 62.—65. gr., ef hann vissi eða mátti vita um þær aðstæður, sem leiða til kröfu um riftun.
2. Ef þriðjimaður var nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann í þeim mæli, sem segir í 62. gr., sbr. 64. og 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

67. gr.

1. Ef þriðjimaður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum þrotamanns, en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða réttargerðar, á búið kröfu á þriðjamann eftir reglunum í 62. og 63. gr., sbr. 65. gr., ef þriðjimaður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar, sem leiða til kröfu um riftun, þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Búið getur krafist veðtryggingar á ný, ef unnt er að setja hana.
2. Ef þriðjimaður er nákominn þrotamanni, á búið kröfu á hann skv. 62. gr., sbr. 65. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir riftun gagnvart þriðjamanni eftir 54. gr. 2. mgr., 57. gr. 2. mgr., 59. gr. eða 61. gr.

68. gr.

1. Ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun, skal það gert áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því að sá, sem með skipti fer, átti þess kost að gera riftunarkröfuna.
2. Þessi frestur gildir ekki um mótmæli gegn kröfum sem lýst er í búið.

IX. KAFLI

Fullnusta sérstakra réttinda.

69. gr.

Eignir þriðjamanns, sem komast í vörslur búans, skal afhenda honum. Öðrum réttihöfum skal með sama hætti afhenda eignir, sem ekki verða dregnar undir skiptin. Eftir því sem við verður komið, skal sá, sem með skiptin fer, kanna réttindi annarra í eignum í búinu og tilkynna þeim skiptin.

70. gr.

1. Ef hlutur, sem var í vörslum búans, er seldur eftir lok kröfulýsingarfrests, á sá, sem rétt átti til hlutarins, en lýsti honum ekki áður en salan fór fram, enga kröfu á kaupanda, sem keypti í góðri trú.
2. Sá, sem rétt átti til hlutarins, getur aðeins krafist bóti um þá fjárhæð, sem til þess var greidd, nema sá, sem með skiptin fer, hafi vitað eða mátt vita um rétt þriðjamanns eða selt hafi verið á ótilhlýðilegan hátt. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

71. gr.

Selja má hlut í vörslum búans, ef réttur til hans er óviss eða ef eigandi hlutarins sinnir ekki innan eðlilegs tíma áskorun um að hirða hann eða ef bóti hefur ekki þrátt fyrir nægilegar tilraunir komist í samband við eigandann. Þó má ekki selja, ef bóti getur haldið áfram að annast hlutinn án verulegs kostnaðar eða óþæginda. Ef hlutnum eru búnar bráðar skemmdir, skal selja hann. Sé sala ógerleg, má fleygja hlutnum. Áður en selt er eða fleygt, skal af hálfu búans tilkynna það þeim, sem kunna að eiga rétt til hlutarins, ef það er unnt.

72. gr.

Komi fram eða sé það viðurkennt af búinu, að það átti ekki rétt til hins selda hlutar, á sá, sem réttinn átti, heimtingu á að fá greidda úr búinu þá fjárhæð, sem í það rann vegna sölunnar. Krafan skal greidd eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974.

73. gr.

1. Meðan á gjaldprotaskiptum stendur, verða eignir þrotamanns ekki seldar á nauðungaruppbóði nema eftir kröfu búans eða með samþykki þess.
2. Ef eign þrotamanns er seld á nauðungaruppbóði andstætt ákvæði 1. mgr., fer um rétt uppbóðskaupanda eftir 23. gr. Falli réttur hans niður, skal, ef þarf, kveða upp um það úrskurð í uppbóðsrétti.

74. gr.

1. Ef bóti hefur ekki krafist nauðungaruppbóðs innan 6 mánaða frá upphafi skipta, getur veðhafi krafist þess, að bóti láti uppbóðið fara fram þegar í stað, enda væri krafa hans komin í gjalddaga án tillits til ákvæðis 31. gr. 2. mgr.
2. Á nauðungaruppbóði getur bóti krafist þess, að tekið sé framkomnu bóði, ef telja má, að hluti söluverðsins renni til búans.

75. gr.

Nauðungaruppbóð vegna gjaldprotaskipta fara eftir lögum nr. 57/1949.

76. gr.

1. Ef fullnustugerð stendur þrátt fyrir ákvæði 58. gr., skal beita reglum 74. gr.
2. Þegar fullnustugerð hefur farið fram í kröfu, getur bóti innheimt hana.

77. gr.

Áður en sala á nauðungaruppboði fer fram skv. 24. gr., 2. eða 3. mgr., skal beina greiðsluáskorun til búsinns, og er búinu heimilt að láta meta veðið.

X. KAFLI

Skuldaröðin.

78. gr.

Um gjaldþrotaskipti gilda ákvæði 8. kapitula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974.

XI. KAFLI

Staða þrotamanns.

79. gr.

Þrotamanni ber að veita skiptarétti og öðrum, sem með skipti fara, upplýsingar, sem þeir krefjast vegna meðferðar búsinns. Honum ber, ef krafist er, að mæta í skiptarétti og vera við uppskrift á eignum búsinns.

80. gr.

Ekki má þrotamaður fara úr landi án leyfis skiptaráðanda.

81. gr.

Ef þrotamaður hyggst skipta um heimili eða dvalarstað, skal hann tilkynna það skiptaráðanda með hæfilegum fyrirvara. Er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni bústaðaskiptin, ef nauðsyn krefur vegna búskiptanna. Af sömu ástæðu er skiptaráðanda heimilt að banna þrotamanni á tilteknum tíma brottför úr lög-sagnarumdæminu. Þrotamaður getur krafist um þessi atriði úrskurðar, sem kæra má til Hæstaréttar.

82. gr.

1. Að kröfu skiptaráðanda er lögreglumönnum skylt að sækja þrotamann og færa hann á fund skiptaráðanda eða annarra, sem með skiptin fara, meðan á þeim stendur. Lögreglumönnum er einnig skylt að kröfu skiptaráðanda að ljá atbeina sinn til að halda uppi banni hans, sem sett er skv. 80. gr. og 81. gr. Lögreglumönnum er heimilt að beita valdi, ef með þarf, við framkvæmd þessara skyldustarfa.
2. Skiptaráðandi getur án kröfu eða eftir kröfu lánardrottins eða þess, sem krefst eignar úr búinu eða úr vörslum skuldara, kveðið svo á í úrskurði, að þrotamaður skuli sæta sekt í ríkissjóð fyrir brot á 79., 80., 81. eða 84. gr. Í úrskurði má ákveða varðhald sem vararefsingu.

83. gr.

Þrotamanni er heimilt að vera á skiptafundum í búi sínu.

84. gr.

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið, að þeim skuli beita um þá, sem eru nákomnir félagi eða stofnun.

85. gr.

Heimilt er skiptaráðanda að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sé örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fé búsinns, sér og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot eigna búsinns má ekki veita lengur en eitt ár, nema skiptafundur leyfi, og þó aldrei eftir skiptalok.

XII. KAFLI

Upphafsráðstafanir.

86. gr.

Þegar kveðinn hefur verið upp gjaldþrotauúrskurður, skal þrotamaður tafarlaust sviptur umráðum yfir öllu því, sem talið verður til eigna hans. Skiptaráðandi tekur ákvörðun um ráðningu bústjóra til bráðabirgða, eftir að hafa ráðfært sig við þá kröfuhafa, sem þegar næst til. Álíti hann ekki nauðsynlegt að ráða bústjóra til bráðabirgða, t. d. vegna þess, að búið er lítið eða litlar líkur á, að eignir þess hrökkvi fyrir kostnaði, tekur hann sjálfur að sér bráðabirgðabústjórn.

87. gr.

1. Skiptaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiptin, sbr. 19. gr. 3. mgr. Þar skal og boðað til skiptafundar, sem haldinn skal á tilteknum stað og stundu innan mánaðar frá lokum kröfufúlýsingarfrests.
2. Þegar skal senda afrit auglýsingarinnar í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt þeim kröfuhöfum, sem um er vitað eða upplýsingar fást um, meðan frestur er til kröfufúlýsingar.
3. Ef skráð félag eða stofnun er tekið til gjaldþrotaskipta, skal tilkynna það skráningarmanni.

88. gr.

1. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., tekur strax í sínar vörslur bókhaldsgögn þrotamanns og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hann fari með eignir sínar á óheimilan hátt og ráðstafi þeim.
2. Skiptaráðandi ákveður, hvort búið skuli halda áfram um sinn atvinnurekstri þrotamanns. Skiptaráðandi gerir mikilvægar ráðstafanir varðandi búið, sem ekki þola bið, m. a. getur hann ráðið þrotamann til starfa við búið til bráðabirgða gegn þóknun fyrir þá vinnu, sem þrotamanni er óskýlt að sinna. Ákvarðanir þessar skulu teknar að höfðu samráði við bústjóra, ef hann hefur verið ráðinn skv. 86. gr.
3. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., skal taka til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, og afla viðbótargagna, ef þurfa þykir. Skal aflað upplýsinga um eignir og skuldir þrotamanns, fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið og hvort líkur séu til, að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.
4. Telji skiptaráðandi, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.
5. Skiptaráðandi eða bústjóri, sem ráðinn er skv. 86. gr., skal skýra skiptafundi, sem haldinn er skv. 86. gr., frá meðferð búsinns og niðurstöðum könnunar skv. 3. mgr.

XIII. KAFLI

Bústjórn.

89. gr.

Meðferð eigna búans skal falin skiptastjórum, einum eða fleiri, nema skiptaráðandi telji þess ekki þörf vegna þess, að búið er lítið, eða af öðrum sérstökum ástæðum, sbr. og 86. gr. um bústjóra til bráðabirgða og 94. gr. um aðstoðarmann skiptaráðanda.

90. gr.

1. Á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfúlýsingarfrests, sbr. 87. gr., skal skiptaráðandi bera fram tillögu um tiltekinn skiptastjóra og skal greiða um hana atkvæði eftir kröfufjárhæðum. Skiptaráðandi úrskurðar hvaða kröfum atkvæðisréttur fylgi. Ef meirihluti greiddra atkvæða, sem jafnframt er að minnsta kosti þriðjungur atkvæða, er fram gat komið, hafnar tillögu skiptaráðanda, er hún fallin, en ella samþykkt. Ef tillagan er felld, skal gefa fundarmönnum kost á að gera tillögur. Fáí tillaga meirihluta allra atkvæða á fundinum og meira en þriðjung atkvæða sem fram geta komið, er það gild kosning. Ella getur skiptaráðandi ákveðið, að aftur skuli kosið á þessum eða síðari skiptafundi, eða ákveðið að fara sjálfur með búið. Ef ekki fást lögmæt úrslit skv. framansögðu í enn einni atkvæðagreiðslu, getur skiptaráðandi skipað skiptastjóra.
2. Skiptafundur getur ákveðið, að skiptastjórar skuli vera tveir eða fleiri. Skiptaráðandi mælir fyrir um tilhögun atkvæðagreiðslna í því sambandi.
3. Ef sérstakar ástæður eru til að dómi skiptaráðanda, getur hann ógilt kosningu skiptastjóra eftir 1. eða 2. mgr. eða vikið honum frá síðar. Gefa skal þá kröfuhöfum kost á að kjósa á ný, og skal, ef með þarf, kjósa allt að þrisvar, sbr. 1. mgr.

91. gr.

1. Skiptastjóri skal gæta hagsmuna búans, vera umboðsmaður þess gagnvart öðrum og fyrir dómstólum og gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir varðandi meðferð þess. Í því skyni skal hann gera ráðstafanir til að allar eignir þrotamanns komi fram og séu afhentar búinu eins og lög mæla, að eignirnar séu tryggilega varðveittar og að þeim sé ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal skiptastjóri stjórna atvinnurekstri búans, ef einhver er. Hann skal innheimta kröfur búans á aðra. Þar sem því verður við komið og máli skiptir skal hann ávaxta í banka eða sparisjóði peninga búans því til hags. Þá skal skiptastjóri afla þeirra upplýsinga, sem þarf til að afstaða verði tekin til krafna í búið og krafna þess á aðra.
2. Ef kröfuhafanafnd er kosin, sbr. 92. gr., skal skiptastjóri skýra henni frá mikilvægum ráðstöfunum, sem búið varða.
3. Telji skiptastjóri, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsiverð athæfi, skal hann tilkynna það rikissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála.

92. gr.

1. Ef fram kemur um það krafa frá þeim, sem eiga a. m. k. fimmtung krafna, er atkvæðisréttur fylgir á skiptafundum, skal stofnuð kröfuhafanafnd.
2. Í nefndinni skulu eigi vera fleiri en þrír menn. Þeir skulu kosnir á skiptafundi á þann hátt, sem skiptaráðandi ákveður. Skal hann stefna að því, að þeir séu fulltrúar sem flestra kröfuhafa. Ef tiltekinn maður fær meira en helming greiddra atkvæða á fundinum, er hann þó kjörinn.

3. Skiptafundur getur hvenær sem er ákveðið, að kröfuhafanefndin skuli hætta störfum.

93. gr.

1. Innan mánaðar eftir skiptafund skv. 87. gr. skal skiptastjóri semja yfirlit um hag búans. Ef skiptaráðandi telur ástæðu til, skal skiptastjóri innan sama frests semja skýrslu um helstu orsakir gjaldþrotsins og gera tillögur um, hvort freista skuli riftunar eftir 8. kafla. Ef skiptaráðandi telur greinargerðir skiptastjóra ófullnægjandi, getur hann veitt stuttan viðbótarfrest til úrbóta.
2. Skiptastjóri skal innan frests, sem skiptaráðandi ákveður, gera eða láta gera uppgjör um hag búans byggt á þeim gögnum, sem fyrir liggja. Ef ástæða er til, getur skiptaráðandi mælt fyrir um sérstaka athugun á bókhaldi þrotamanns eða færslu þess.
3. Gögn, sem samín eru skv. þessari grein, skulu lögð fram til sýnis í skrifstofu skiptaráðanda.

94. gr.

1. Ef skiptaráðandi telur þess ekki þörf, að skiptastjóri fari með bú, sbr. 89. gr., skal hann gera það sjálfur, en tekið getur hann sér aðstoðarmann.
2. Aðstoðarmaður má eftir nánari ákvörðun skiptaráðanda og undir eftirliti hans framkvæma það, sem ella er í verkahring skiptastjóra.
3. Ef kröfuhafanefnd starfar, skal gefa henni upplýsingar um störf skiptaráðanda og aðstoðarmanns hans.

95. gr.

Skiptaráðandi ákveður, hvort bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri og aðstoðarmaður skiptaráðanda skuli setja tryggingu vegna starfa sinna við meðferð búans, og hve há hún skuli vera.

XIV. KAFLI
Skiptafundir.**96. gr.**

1. Skiptaráðandi getur boðað til skiptafunda, þegar hann telur þess þörf. Hann skal boða skiptafund, ef skiptastjóri eða maður í kröfuhafanefnd krefst þess.
2. Fundarboð skal birta í Lögbirtingablaði og tilgreina fundartíma, fundarstað og dagskrá í aðalatriðum. Sérstök tilkynning skal send í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt til þeirra, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta.
3. Skiptaráðandi stjórnar skiptafundum.
4. Skiptafundir hafa ákvörðunarvald um málefni þrotabús innan þeirra marka, sem lög ákveða, sbr. 105. gr.

97. gr.

1. Atkvæðisréttur á skiptafundum fer eftir fjárhæð krafna nema annað segi í lögum. Atkvæði má greiða eftir umboði.
2. Ályktanir skiptafundar eru bindandi, ef hann sækja fulltrúar þriðjungs kröfuhafa, talið eftir kröfufjárhæðum.
3. Ef fundur er ekki ályktunarfær skv. 2. mgr. og boði skiptaráðandi ekki annan fund, skal skiptastjóri ráða málefni til lykta, eða skiptaráðandi, ef skiptastjóri fer ekki með búið.

98. gr.

1. Ef skiptaráðandi telur ljóst, að krafa fáiast að fullu greidd eða að engu greidd, hvernig sem atkvæðagreiðsla fer á skiptafundi, skal eigandi kröfunnar ekki eiga atkvæðisrétt á fundinum á grundvelli hennar.
2. Kröfuhafi á atkvæðisrétt á skiptafundi á grundvelli hluta kröfu, sem að öðru leyti er að mati skiptaráðanda tryggð með veði eða á annan hátt.

99. gr.

Skilyrt krafa veitir atkvæðisrétt, þó að skilyrðið sé enn ekki uppfyllt. Ef fleiri en einn eiga kröfu, en réttindi eins standa réttindum annars að baki, á sá atkvæðisrétt, sem fyrst getur neytt réttindanna.

100. gr.

Ef krafa er umdeild, ákveður skiptaráðandi, ef þörf krefur, hvort og fyrir hvaða upphæð atkvæðisréttur fylgir kröfunni. Ekki bindur sú ákvörðun, þegar síðar er fjallað um kröfuna.

101. gr.

1. Ef svo er fyrir mælt, að atkvæði skuli greiða eftir fjölda kröfuhafa, hefur hver þeirra eitt atkvæði, þó að kröfur hans séu fleiri en ein. Framsal kröfu eftir frest dag leiðir ekki til að hinn nýi eigandi fái atkvæðisrétt.
2. Ef fleiri en einn eiga kröfu, geta þeir aðeins greitt eitt atkvæði.

XV. KAFLI**Eftirlit.****102. gr.**

1. Bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri eða aðstoðarmaður skiptaráðanda skal semja og leggja reikningsyfirlit fyrir skiptaráðanda og kröfuhafanefndina, að jafnaði á 3 mánaða fresti.
2. Sá, sem fer með bú, skal sjá um reikningshald búsins. Skiptaráðandi getur kveðið nánar á um reikningsgerðina.
3. Skiptaráðandi og kröfuhafanefndin geta krafist skiptastjóra upplýsinga um mál-efni búsins.
4. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um, hvernig haga skuli varðveislu þrotabúa.

103. gr.

1. Skiptaráðandi endurskoðar eða lætur endurskoða eftir þörfum reikninga þá, sem skiptastjóri semur skv. lögum þessum.
2. Þegar eignir bús eru verulegar eða málefni þess flókin getur skiptaráðandi ráðið löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga búsins í þeim mæli, sem skiptaráðandi ákveður fyrir fram. Til þess má og fá aðra, sem haft hafa afskipti af málum þrotamanns fyrir gjaldþrotið. Kostnað við þessa endurskoðun skal greiða úr búinu.

104. gr.

Þegar liðið er eitt ár frá upphafi skipta, skal skiptastjóri gefa skiptaréttinum skýrslu um ástæður þess, að skiptum er ólokið, og skýra frá, hvenær vænta megi skiptaloka. Síðan skal gefa slíka skýrslu misserislega eða oftari, ef skiptaráðandi mælir svo fyrir.

105. gr.

Ef skiptastjóri eða skiptafundur hefst eitthvað að, sem er til tjóns fyrir búið, eða sé brotinn réttur veðhafa, þrotamanns eða annarra, getur skiptaráðandi ógilt ákvarðanirnar, gefið skiptastjóra fyrirmæli og gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Bústjóri til bráðabirgða skal auk þess hlíta fyrirmælum skiptaráðanda og fá samþykki hans til mikilvægra ráðstafana.

XVI. KAFLI

Meðferð krafna.

106. gr.

1. Gjaldþrot skal auglýsa skv. 19. gr. og 86. gr.
2. Tilkyninguna í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi sjá um, en hann getur falið það bústjóra til bráðabirgða. Í tilkyningunni má geta annarra atriða en nefnd eru í fyrrgreindum ákvæðum.
3. Ef kröfu hefur verið lýst vegna nauðasamninga og gjaldþrotaskiptin eru í beinu framhaldi tilraunar til að ná slíkum samningum, má ákveða í tilkyningunni í Lögbirtingablaði, að frekari kröfulýsing vegna þessara krafna sé óþörf.

107. gr.

1. Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð um skrásetningu lýstra krafna.
2. Ef kröfulýsing berst í tvíriti, skal annað endursent með áritun um móttöku-tíma.
3. Krafa um gjaldþrotaskipti er jafnframt lýsing þeirra krafna, sem þar eru nefndar og sá, sem skiptanna krefst, á eða innheimtir.

108. gr.

1. Sá, sem með bú fer, gerir skrá um lýstar kröfur og um þær kröfur, sem tryggðar eru með veði eða öðrum slíkum rétti, og getur þess við hverja kröfu, hvort hann telur, að hana skuli viðurkenna. Ef kröfu er lýst sem forgangskröfu eða kröfu, sem á annan hátt komi á tiltekinn stað í skuldaröð, skal þess og getið á skránni. Ef krafa er gerð í erlendri mynt, skal þess og getið, sbr. 31. gr. 3. mgr.
2. Skráin, sem gerð er skv. 1. mgr., skal liggja frammi til sýnis fyrir kröfuhafa, þrotamann og aðra, sem skiptaráðandi telur hafa af því lögmeta hagsmuni, í a. m. k. eina viku fyrir skiptafund þann, sem um getur í 87. gr. 1. mgr. Skriflegar athugasemdir má senda skiptaráðanda fyrir fundinn.
3. Ef sá, sem með búið fer, telur, að ekki skuli viðurkenna kröfu að fullu, eins og henni er lýst, skal hann tilkynna það þeim, sem kröfunni lýsti, með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt með hæfilegum fyrirvara og geta þess, hvenær skiptafundur verður haldinn til að taka afstöðu til kröfunnar.

109. gr.

1. Boða skal þrotamann á skiptafund, þar sem afstöðu skal taka til krafna, og skal hann eiga þess kost að tjá sig um kröfurnar.
2. Ef ljóst er, að ekkert komi upp í kröfu, kemur hún ekki til álita á skiptafundi.

110. gr.

1. Sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitserð skv. 1. mgr. 108. gr., er hún endanlega samþykkt.
2. Ef andmæli við álitserðina koma fram og ekki er frá þeim fallið á skiptafundinum, skal boða til nýs fundar innan 2 vikna. Ef sá, sem umpráttaðri kröfu lýsti eða mótmælti henni skriflega fyrir fundinn, er ekki á honum boðaður á

hinn síðari skiptafund, skal það gert með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt án tafar.

3. Ef ekki er á síðari skiptafundinum fallið frá andmælum við álitserð þess, sem skiptin annast, kveður skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn.

111. gr.

1. Ef kröfu er ekki lýst innan kröfulýsingarfrests og hún er ekki tryggð með veði eða öðrum slíkum rétti, kemur hún ekki til greina við úthlutun úr búinu, nema eigendur 75% krafna á lista skiptaráðanda, sem atkvæðisréttur fylgir, samþykki á skiptafundi, sem haldinn er til að taka afstöðu til lýstra krafna, eða skiptaráðandi telji, að afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum, að kröfulýsing dróst. Skiptaráðandi er heimilt en ekki skylt að halda eða leyfa skiptastjóra að halda sérstakan fund til að taka afstöðu til þess, hvort krafa, sem of seint var lýst, komi til greina skv. framan-sögðu.

XVII. KAFLI

Dómsmál við hina almennu dómstóla.

112. gr.

Sá, sem með búið fer, höfðar dómsmál fyrir þess hönd fyrir hinum almennu dómstólum nema aðilar málsins semji um, að það skuli rekið fyrir skiptarétti.

113. gr.

1. Búið tekur við máli, sem þrotamaður hefur höfðað fyrir upphaf skipta, ef krafan rennur til búsins, sbr. 53. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.
2. Ef fram kemur í dómi, að bú sækjanda er til gjaldþrotaskipta, skal fresta máli og tilkynna um það þeim, sem með málið fer.

114. gr.

1. Ef kröfu þrotabús er ekki haldið til dóms eða gerð um hana dómssátt, getur hver sá, sem á kröfu á skrá þeirri, sem getur í 108. gr., höfðað mál í eigin nafni vegna þrotabúsins eða tekið við máli, sem höfðað hefur verið. Búið skal taka frest til að gera þetta kleift, þar sem það á við, og gefa kröfuhöfum frest til að taka ákvörðun um að höfða eða ganga inn í mál í hæfilegan tíma eftir að ákveðið er á skiptafundi að búið skuli ekki gera það. Búið skal greiða eðlilegan kostnað kröfuhafa af máli, þó aldrei meira en eignir þess aukast vegna málsins.
2. Reglum 1. mgr. skal beita um áfrýjun eftir því sem við á.

115. gr.

Ef enginn kröfuhafi gengur inn í mál, höfðar mál eða áfrýjar eftir 114. gr., getur þrotamaður gert þessar ráðstafanir vegna búsins, en á sinn kostnað. Búið getur tekið við málinu hvenær sem er.

116. gr.

Í málum skv. þessum kafla má koma að gagnkröfum á búið, enda sé ekki krafist sjálfstæðs dóms um þær eða hluta þeirra. Gagnkröfu til sjálfstæðs dóms, sem þingfest er fyrir uppsögu gjaldþrotáúrskurðar, skal þó dæma í málinu.

117. gr.

Ef bú eignast ekki réttindi þrotamanns, getur hann sjálfur rekið dómsmál um þau. Verjandi getur þá stefnt búinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

118. gr.

1. Ef dómsmál er höfðað gegn þrotamanni, áður en gjaldþrotaufrskurður er kveðinn upp, kemur búíð í stað þrotamanns, sbr. 54. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nema sækjandi lýsi því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir skuldarann persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búíð og skuldarann persónulega.
2. Ef sækjandi krefst dóms yfir búinu, skal hann tilkynna það þeim, sem með það fer.
3. Ef þrotamaður sækir ekki dómþing í máli, sem hann er aðili að, þann dag, sem gjaldþrotaufrskurður er kveðinn upp, eða síðar, getur búíð fengið málið endurupptekið eftir reglum um lögmat forföll.
4. Ef gjaldþrotabú er aðili máls fyrir almennum dómstóli, geta aðilar samið um, að málinu sé vísað til meðferðar þess skiptaráðanda, sem um búíð fjallar.

119. gr.

Ef bú eignast ekki tiltekin réttindi þrotamanns, verður mál um þau höfðað gegn honum persónulega. Hið sama er, ef einungis er krafist dóms, sem bindur hann. Sækjandi getur þá stefnt búinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

XVIII. KAFLI

Úthlutun og skiptalok.

120. gr.

1. Ef fram kemur, að búíð á ekki eignir umfram kostnað við skiptin, skal þegar ljúka skiptunum.
2. Hrökkvi eignir búins ekki fyrir kostnaði við skiptin, ber sá, sem krafist hefur gjaldþrotaskipta, ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar. Kröfuhafi, sem þannig ábyrgð ber, getur krafist loka búskipta hvenær sem er, enda krefjist ekki annar gjaldfær kröfuhafi þess, að skiptum sé fram haldið á sína ábyrgð.

121. gr.

Ef þrotamaður nær nauðasamningum og ef þeir kröfuhafar fá fullnustu eða fullnægjandi tryggingu, sem ekki eru aðilar að samningunum, skal þegar ljúka skiptunum. Hið sama er, ef þrotamaður leggur að loknum kröfulýsingarfresti fram yfirlýsingu allra, sem lýst hafa kröfum, um, að þeir afturkalli kröfur sínar eða ef þrotamaður sannar, að þær séu niður fallnar. Eignir búins skulu fengnar þrotamanni, eftir að lokið er greiðslu kostnaðar við skiptin.

122. gr.

1. Forgangskröfur skv. 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, skal greiða svo fljótt sem unnt er.
2. Aðrar forgangskröfur skal greiða að hluta eða að fullu, þegar fram er komið, að þeim er ekki mótmælt, eða þegar endanlegur úrskurður vegna mótmæla er genginn.

3. Þegar greiddar hafa verið kröfur skv. 1. og 2. mgr., eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra, má sá, sem fer með skiptin, greiða öðrum kröfuhöfum að hluta.
4. Þegar greitt er skv. þessari grein, skal gæta þess, að ekki sé skertur réttur þeirra, sem í skuldaröð eru jafnsettir þeim, sem greiðslu fá.

123. gr.

1. Ef krafa er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum og hún er greidd að öllu eða nokkru skv. 122. gr., skal greiðslan koma til frádráttar, ef síðar er gengið að tryggingunni. Veðhafar, er standa þeim að baki, sem greiðslu fékk, njóta ekki uppfærsluréttar á grundvelli greiðslunnar.
2. Ef kröfuhafi er utan skuldaraðar, skal til bráðabirgða taka frá fé til greiðslu allrar kröfu hans af eignum búsins, en aðeins greiða honum af þessu fé þann hluta kröfunnar, sem ekki er greiddur án afskipta búsins.

124. gr.

Við úthlutun úr búinu skal taka frá fé til greiðslu umdeilda krafna og skilyrtra krafna, ef skilyrðið er ekki fram komið.

125. gr.

Þegar eignum þrotabús hefur verið komið í peninga, útstandandi skuldir innheimtar og ágreiningsmálum til lykta ráðið, semur sá, sem með búnið fer, reikninga um búnið og frumvarp að endanlegri úthlutunargerð svo og stutta greinargerð um meðferð búsins. Af reikningunum skal mega sjá tekjur búsins og gjöld eftir að skiptaúrskurður var kveðinn upp. Skiptaráðandi skal að jafnaði fá og bóka í skiptarétti yfirlýsingu annarra, sem með bú hafa farið, og þrotamanns um, að allar þær eignir búsins, sem þeim sé um kunnugt, hafi komið fram.

126. gr.

Skiptaráðandi getur ákveðið að ljúka skiptum, þótt enn séu ekki til ráðstöfunar allar eignir búsins eða þótt fé hafi verið tekið frá vegna umdeilda og skilyrtra krafna eða þótt afmarkaður hluti búsins sé með öðrum hætti óuppgerður. Búsmeðferð skal þá endurupptaka, ef tilefni verður til.

127. gr.

Með auglýsingu í Lögbirtingablaði skal skiptaráðandi boða skiptafund til að fjalla um reikninga búsins og frumvarp að úthlutunargerð. Frumvarpið, reikningarnir og fylgiskjöl skulu liggja frammi á auglýstum stað og tíma í a. m. k. 2 vikur til athugunar fyrir þrotamann, kröfuhafa og aðra, sem hafa lögmatra hagsmuna að gæta.

128. gr.

1. Á skiptafundi þeim, sem haldinn er skv. 127. gr., skal gefa þrotamanni og kröfuhöfum kost á að tjá sig um reikninga búsins og frumvarpið að úthlutunargerð. Ágreining úrskurðar skiptaráðandi.
2. Skiptaráðandi staðfestir frumvarpið nema á því séu slíkir gallar, að því beri að breyta.

129. gr.

Þegar skiptaráðandi hefur staðfest frumvarp að úthlutunargerð og áfrýjunar-frestur er liðinn án þess að áfrýjað sé eða allir kröfuhafar hafa lýst yfir, að þeir muni ekki áfrýja, skal úthlutun fara fram.

130. gr.

1. Skiptaráðandi getur ákveðið, að við uppgjör og úthlutun skuli ekki tekið tillit til krafna, sem mjög lítið myndi fást greitt af.
2. Skiptaráðandi getur ákveðið að greiðslur, sem ekki verða inntar af hendi nema með tiltölulega miklum kostnaði, renni í ríkissjóð.
3. Ef ekki er vitjað greiðslu úr þrotabúi innan árs, skal greiðslan renna í ríkissjóð.
4. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að fé sé síðar greitt kröfuhafa, ef það hefur runnið í ríkissjóð skv. 2. eða 3. mgr. eða 131. gr. 2. mgr.

131. gr.

1. Ef eignir koma til skipta eftir skiptalok, skulu þær renna til kröfuhafa í hlutfalli við það, sem þeir fengu skv. úthlutunargerðinni. Skiptaráðandi getur falið skiptastjóra að annast meðferð búans eftir endurupptöku af þessu tilefni. Skiptafundi skal halda, ef skiptaráðandi telur þörf á því.
2. Ef eignir, sem um ræðir í 1. mgr., hrökkva ekki til greiðslu kostnaðar við úthlutun þeirra, getur skiptaráðandi ákveðið, að þær renni í ríkissjóð.
3. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um það, sem um ræðir í 2. mgr. og í 130. gr.

132. gr.

1. Þegar úthlutunargerð hefur verið staðfest og greiðslur til kröfuhafa geta farið fram skv. henni, skal skiptaráðandi auglýsa skiptalok í Lögbirtingablaði. Geta skal hvenær bú var tekið til gjaldþrotaskipta, fjárhæðar lýstra krafna, sem viðurkenndar voru að lokum, hundraðstölu greiðslna upp í forgangskröfur og aðrar kröfur og heildarfjárhæðar krafna, sem fé var ekki til að greiða.
2. Ef þrotamaður er skráð félag, skal tilkynna skiptalokin til skráningarmanns.

133. gr.

Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.

XIX. KAFLI**Ýmis ákvæði.****134. gr.**

Skiptaráðandi heldur dómþing til að úrskurða þau atriði, sem hann skal um fjalla samkvæmt þessum lögum, ef úrskurðar er þörf, þar á meðal um kröfur, sem húið gerir, ef um það er samið, shr. 112. gr.

135. gr.

Málsmeðferð skal fara eftir reglum um meðferð einkamála í héraði eftir því sem við getur átt sé ekki annað ákveðið.

136. gr.

Ef krafa er gerð í þrotabú og krafist úrskurðar um hana, má jafnframt krefjast þess, að úrskurðurinn bindi þrotamann persónulega. Ef skiptaráðandi telur, að meðferð kröfunnar á þrotamann persónulega valdi verulegum tögum á meðferð skiptanna, getur hann vísað henni frá.

137. gr.

1. Enginn má vera bústjóri til bráðabirgða, skiptastjóri, aðstoðarmaður skiptaráðanda, í kröfuhafanefnd, endurskoðandi, umsjónarmaður eða matsmaður við skiptameðferðina, ef hann væri óhæfur dómari skv. reglum um meðferð einkamála. Sé félag eða stofnun undir gjaldþrotaskiptum, má enginn gegna þeim störfum, sem fyrr eru talin, ef hann væri óhæfur dómari í málum stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra eða manna, sem haft hafa sjálfstæða ábyrgð sem bókhaldarar eða gjaldkerar hjá félaginu eða stofnuninni.
2. Ef maður hefur tekið við einhverju því starfi, sem nefnt er í 1. mgr., skal hann því aðeins víkja sæti, að sá krefjist þess, sem hagsmuna hefur að gæta. Skiptaráðandi getur þá ákveðið, að hann sjálfur eða maður, sem hann tilnefnir, skuli taka að sér störfina að hluta, en falið þeim, sem vikið hefur, að sinna búskiptunum áfram að öðru leyti. Um þetta skal, ef ágreiningur verður, kveða upp úrskurð, sem kæra má til Hæstaréttar.

138. gr.

Skiptaráðandi ákveður þóknun bústjóra til bráðabirgða, skiptastjóra, aðstoðarmanns skiptaráðanda, endurskoðenda, umsjónarmanns, svo og matsmanna og vitna, og tekur þá tillit til þess, hve mikið starfið var, og eðlis búsis. Ef sérstaklega stendur á getur skiptaráðandi ákveðið, að þeir, sem í kröfuhafanefnd hafa starfað, skuli fá þóknun. Þóknun skv. þessari grein skal greidd af fé búsis.

139. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabú, er fyrningu slitið gagnvart húinu og þrotamanni persónulega. Ef krafa er viðurkennd, hefst nýr 10 ára fyrningarfrestur, þegar skiptum er lokið. Ef kröfu er hafnað, hefst nýr fyrningarfrestur á þeim degi, og fer lengd hans eftir almennum reglum.

140. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.
2. Þá falla úr gildi lög nr. 25 frá 14. júní 1929 með síðari breytingum.
3. Ef krafa um gjaldþrotaskipti berst skiptaráðanda fyrir 1. janúar 1979, skal beita núgildandi reglum.
4. Um skuldajöfnuð krafna, sem báðar eru til orðnar fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur.
5. Ef fleiri en einn skuldari eru að kröfu og ábyrgð þeirra óskipt, og sé búið að greiða kröfuna að einhverju eða öllu fyrir 1. janúar 1979, gilda núgildandi reglur um þýðingu þess.
6. Um riftun ráðstafana og réttargerða sem gerðar eru fyrir 1. janúar 1979 fer eftir núgildandi lögum, og gildir þetta einnig, þó að gjaldþrotaskipti hefjist eftir þann dag.

Gjört að Bessastöðum 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum, sem hann stofnar til fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins, sbr. 141. gr., eða um atvik, sem valda því, að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 142. gr.

XVIII. KAFLI

Skráning hlutafélaga.

145. gr.

Viðskiptaráðherra annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga og heldur hlutafélagaskrá.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og skráningargjöld. Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni, þ. m. t. reikningum hlutafélaga.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða til lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent lögreglustjóra, skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar, enda öðlast tilkynning ekki gildi, fyrr en við skráningu þar.

146. gr.

Tilkynning um stofnun hlutafélags skal greina:

1. Ákvæði samþykkt félagsins um það efni, er greinir í 1.—3., 5. og 9.—13. tl. 6. gr.
2. Upphæð hlutafjár og hve mikill hluti af því er greiddur. Á hvern hátt greiðsla hefur farið fram og hvenær eftirstöðvar skulu greiddar.
3. Nöfn, stöðu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra, er hafa heimild til að rita félagið. Ennfremur nöfn og heimilisföng endurskoðenda. Sama gildir um varamenn.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Stofnsamningur, reikningsgögn þau, sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr., svo og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins.
2. Staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar.
3. Sönnur fyrir því, að stofnendur uppfylli þau skilyrði, er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði, sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau, er getur í 81. gr.

Ráðherra getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að taka afstöðu til þess, hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins.

147. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna innan mánaðar, sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Með tilkynningu skulu fylgja sönnur fyrir lögmæti breytinga. Breytingu á búsetu þarf ekki að tilkynna nema aðili taki heimilisfang erlendis. Ákvæði 2. og 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.

148. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykktum hlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum, skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins, skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréfilega frá synjun og um ástæður til hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal ráðherra láta sjá svo um, að þeim aðila verði gert viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því, að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess, skal skrá ókeypiss athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 149. gr.

149. gr.

Ráðherra skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess, sem skrásett hefur verið.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XIX. KAFLI

Refsingar o. fl.

150. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skilaneftarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögumáti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

151. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.
2. Að brjóta vísitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, um hlutaskrá, greiðslur í varasjóð, úthlutun arðs og endurgreiðslu á hlutafjárframlögum.

152. gr.

Hver sá, sem vísitandi ber út rangar frásagnir, eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað, er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum.

Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermír vísitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum

til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 151. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

153. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir, að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færís á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögmaetri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýttist eða hefur önnur áhrif en til var ætlast.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði, til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

154. gr.

Sá, sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum eða varðhaldi.

155. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XX. KAFLI

Gildistaka laganna o. fl.

156. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksfjárhæð hlutafjár öðlist gildi þegar í stað. Ákvæði XII. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979. Ákvæði 82. gr. um skyldu hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda og ákvæði 104. gr. um skyldu til að gera samstæðureikning koma til framkvæmda 1. janúar 1982.

157. gr.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga, sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum, sem greinir í 158.—160. gr.

158. gr.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um hlutafé og reglur II. kafla um stofnun gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 160. gr.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð, er lögín taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og er skráning þess þá

heimil. Um skráningu gilda þó ákvæði 1. mgr. 11. gr. og reglur XVIII. kafla laganna, eftir því sem við á.

Ef undirbúningur að stofnun hlutafélags er skemmra á veg kominn en í 2. mgr. getur, skal um stofnun þess fara að öllu leyti eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er þó ráðherra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.

159. gr.

Ákvæði V. og VII. kafla taka ekki til hlutafélaga, sem löglega hafa ákveðið hækkun eða lækkun hlutfjár fyrir gildistöku laganna.

Ef skilanefnd hefur verið kosin til að annast félagsslit, áður en lög þessi öðlast gildi, taka ákvæði 2. mgr. 116. gr. ekki til skilanefndarmanna.

Ákvæði 135. gr. gilda ekki um útibú erlends hlutafélags, sem löglega hefur verið stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

160. gr.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta né félagsslita, skulu á fyrsta aðalfundi, eftir að löggin taka gildi, samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laga þessara. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu skyni til næsta aðalfundar á eftir.

161. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

162. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög, lög nr. 59, 6. júní 1957 og lög nr. 41, 29. mars 1961, um breyting á þeim lögum.

Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um sáttastörf í vinnudeilum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn.

Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt, að afstaða hans sé slík, að telja megi hann óvilhallan í málum launþega og vinnuveitenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara, þegar hann er forfallaður, og er honum til aðstoðar, þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu, eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf, en undanþegnir henni eru þó ráðherrar og hæstaréttardómarar.

Vararíkissáttasemjari og aðstoðarsáttasemjarar hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður hins vegar laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara.

2. gr.

Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

3. gr.

Ef sýnt þykir, að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar, getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðilja, áður en sáttanefnd er skipuð. Sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, meðan þeir eru að störfum. Félagsmálaráðherra ákveður þóknun sáttanefndarmanna.

4. gr.

Ríkissáttasemjari skal hafa með höndum sáttastörf í vinnudeilum og önnur þau störf, sem honum eru falin með lögum þessum og öðrum lögum.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Sérstaklega skal hann gefa gaum öllu, sem gerist í kjaramálum, einkum því sem gæti valdið vinnudeilum.

Samtökum launþega, vinnuveitenda, og ófélagsbundnum vinnuveitendum, sem sjálfir semja um kjör starfsmanna sinna, ber að senda ríkissáttasemjara samrit allra kjarasamninga, jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir, svo og allar síðari breytingar á þeim.

Sömu aðiljar skulu senda ríkissáttasemjara allar kaupgjaldsskrár og önnur ákvæði um starfskjör.

Aðiljum þeim, sem ræðir um í 3. mgr., er einnig skylt að senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga og kröfugerð, jafnskjótt og send eru gagnaðilja.

5. gr.

Samningsaðiljum er skylt að gefa ríkissáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum, hvenær sem hann óskar þess.

Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna, ef hann telur það heppilegt.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðilja eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum, getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til ríkissáttasemjara. Þegar ríkissáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis, er honum skylt að kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttumleitunum, meðan von er til þess að þær beri árangur.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun samkvæmt 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, er ríkissáttasemjara skylt að kveðja deiluaðilja þegar í stað til samningaviðræðna, þótt þeir hafi þá ekki vísað deilunni til hans.

Samningsaðiljum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund, sem sátta-
semjari kveður þá til.

6. gr.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala, sem farið hafa milli aðilja
í deilunni, enda hafi þau ekki verið send rikissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur,
sem fram kunna að hafa verið bornar, nema með samþykki beggja samningsaðilja.

7. gr.

Sáttasemjari getur krafði aðilja að vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og
skýringar, sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafði
allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur, sem hann telur þörf á.
Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

8. gr.

Ef samningaumleitarnir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum heimilt að leggja
fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög
eða félagasambönd launþega og vinnuveitenda eða einstakan vinnuveitanda, eigi
hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við
samninganefndir aðilja, áður en hann ber fram miðlunartillögu.

9. gr.

Sáttasemjari ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvenær og hvernig
atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða
félagasambands, getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til
deildarinnar eða starfsgreinarinnar.

Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari
í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri
en eins deiluaðilja eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá
fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum, sem miðlunartillaga
nær til, þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða
synjun.

Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt
hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda
þá reglur 3. mgr. eftir því sem við á.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

10. gr.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni
og henni svarað játandi eða neitandi.

Aðiljar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félags-
menn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum
en þeim, sem hlut eiga að máli, án samþykkis sáttasemjara, fyrr en greidd hafa
verið atkvæði um hana.

11. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sátta-
semjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðilja
heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

12. gr.

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

13. gr.

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þurfa þykir.

14. gr.

Ef sáttatilaunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álitur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

15. gr.

Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttu-umleitun hefur verið hætt án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum sín á milli.

16. gr.

Nú hafa sáttu-umleitunar sáttasemjara hætt án árangurs, og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annar hvor aðili óskar þess, eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sáttu með aðiljum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti seinustu samningatilaunum sínum.

17. gr.

Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðilja eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og þess hins helsta, sem fram fer.

18. gr.

Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1978. Fellur þá úr gildi III. kafli (19.—37. gr.) laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sáttasemjara.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi
Hafnarfjarðarkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. 2. mgr. A-liður laganna orðist svo:

A. Pkt. 1. „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar.

- 2. Hnit X 24.254,20, Y 10.562,96.
- 3. Hnit X 24.254,20, Y 10.602,04.
- 4. Hnit X 24.243,90, Y 10.602,04.
- 5. Hnit X 24.243,90, Y 10.660,00.
- 6. Hnit X 24.206,30, Y 10.660,00.
- 7. Hnit X 24.206,30, Y 10.650,00.
- 8. Hnit X 24.175,77, Y 10.586,50.
- 9. Hnit X 24.055,00, Y 10.625,00.
- 10. Hnit X 23.955,00, Y 10.965,00.
- 11. Varða við Reykjavíkurveg, þar sem hann fer lækkanði ofan af norðurbrún hraunsins í Engidal.
- 12. Hnit X 22.208,19, Y 10.852,62 (varða á Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti).
- 13. Hnit X 22.094,89, Y 10.079,01 (steyptur stöpull í hraunjaðrinum milli Kaplakrika og Stórakróks).
- 14. Hnit X 22.110,63, Y 9.534,19 (steyptur stöpull efst á Setbergshamri).
- 15. Hnit X 21.657,44, Y 8.850,84 (steyptur stöpull efst á Fjánhúsholti).
- 16. Hnit X 21.590,11, Y 8.417,44 (steyptur stöpull á Norðlingahálsi, norðan vegar).
- 17. Hnit X 21.903,84, Y 7.972,13 (steyptur stöpull við gömlu landamerkjalinuna í Moshlið, um 250 m sunnan Elliðavatnsvegar).
- 18. Lækjarbotnar.
- 19. Gráhella.
- 20. Miður Ketshellir, þá eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í
- 21. Kaplatór (Strandatorfur).
- 22. Hnit X 686.237,81, Y 392.971,53 (Markraki í Dauðadölum).
- 23. Hnit ca. X 692.830, Y 392.030 (Melrakkagil í Undirhlíðum).
- 24. Hnit 696.942,32, Y 392.328,03 (varða á Markhelluhól).
- 25. Hraunkrossstapi.
- 26. Miðkrossstapi.
- 27. Hólbrunnshæð.
- 28. Stóri-Grænhóll.
- 29. Skógarhóll.
- 30. Markaklettur við Hraunsnes.

Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951, nema hnit í pkt. 22 (Markraki), pkt. 23 (Melrakkagil) og pkt. 24 (Markhelluhóll), sem eru samkvæmt hnitakerfi Íslands í keiluvarpí.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 110 31. desember 1974, um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði um kjörskrár í V. kafla laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skulu þeir íbúar Garðakaupstaðar, sem með lögum þessum flytjast í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, teknir á kjörskrá Hafnarfjarðar.

Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um lyfjafræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Starfsleyfi lyfjafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar landlæknis og til þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala (pharmacy) er kennd.

3. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn, sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Enn fremur skal hann fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera íslenskur ríkisborgari, sbr. þó ákvæði 17. gr.
2. Vera lögráða.
3. Vera heilbrigður andlega og líkamlega.
4. Hafa unnið að minnsta kosti eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu, eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.
5. Hafa lokið prófi í íslenskri lyfjalöggjöf, ef umsækjandi hefur eigi áður lokið slíku prófi við Háskóla Íslands.

Heimilt er að víkja að hluta eða að öllu frá ákvæðum 4. tölulíðs að framan, ef sérstakar ástæður mæla með að dómi þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

Eigi má veita starfsleyfi, sbr. 1. gr., ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi umsækjanda.

II. KAFLI

Starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðinga.

4. gr.

Rétt til þess að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

5. gr.

Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.

6. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 4. gr., hefur sá einn sem lokið hefur aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Auk þess gilda ákvæði 3. gr. 1.—5. töluliðs og 2.—4. málsg. sömu gr.

Fyrrihlutapróf frá Lyfjafræðingaskóla Íslands skal jafngilda aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands.

7. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga.

III. KAFLI

Starfsleyfi lyfsala. Lyfsöluleyfi.

8. gr.

Lyfsali nefnist sá lyfjafræðingur, sem veitt hefur verið starfsleyfi til að reka lyfjabúð, og hefur hafið rekstur hennar.

9. gr.

Umsækjandi um lyfsöluleyfi skal vera lyfjafræðingur, sbr. ákvæði I. kafla. Sömu kröfur skal gera til forstöðumanna annarra stofnana í lyfjadreifingu og lyfjaframleiðslu.

10. gr.

Um veitingu lyfsöluleyfa, sérstakar skyldur og réttindi lyfsala og forstöðumanna, sbr. 9. gr., búnað og rekstur lyfjabúða og annað að því lútandi fer samkvæmt gildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

IV. KAFLI

Starfsskyldur.

11. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar skulu í starfi sínu gæta fyllstu árvekni, samviskusemi, trúmennsku og vandvirkni í hverju einu.

12. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um alla vitneskju eða grun um sjúkdóma eða önnur einkamál, sem þeir kunna að öðlast í starfi. Þeir skulu þó skýra landlækni og Lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist. Þeim ber skylda til að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfar á vegum lyfsala eða forstöðumanns, sbr. 9. gr., skal hann skýra lyfsalanum eða forstöðumanninum frá vitneskju sinni, en hann síðan tilkynna landlækni, lyfjaeftirliti eða öðrum yfirvöldum.

Ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu taka og til lyfjatækna, meinatækna, ritara og annarra samstarfsmanna lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða lyfsala, er vegna starfa sinna kunna að öðlast sömu vitneskju um sjúkdóma og einkamál manna.

V. KAFLI

Missir starfsréttinda.

13. gr.

Landlæknir og Lyfjæftirlit ríkisins geta lagt til við ráðherra, að lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur verði sviptur starfsleyfi, ef hann vegna drykkjuskapar-
óreglu, fiknilyfjanotkunar eða fikniefnanotkunar, geðveiki eða annarra veikinda, vegna alvarlegs hirðuleysis eða ódugnaðar telst lítt hæfur eða óhæfur til þess að sinna starfi sínu. Ef ráðherra fellst á álit landlæknis og lyfjæftirlits, sviptir hann lyfjafræðinginn eða aðstoðarlyfjafræðinginn starfsleyfi sínu, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.

14. gr.

Ráðherra má veita lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi aftur starfsleyfi það, er hann hefur verið sviptur, sbr. 13. gr., enda séu þá forsendur leyfissviptingarinnar brott fallnar og þeir aðilar, sem nefndir eru í 2. gr., mæli með.

15. gr.

Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur fremur refsiverðan verknað, má með dómi í opinberu máli svipta hann starfsleyfi um tiltekinn tíma eða ótíma-
bundið. Ákærvaldið skal gefa ráðherra kost á því að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað. Heimilt er að veita hinum dæmda starfsleyfi á ný eftir afplánun refsingar, ef fyrir liggja meðmæli þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

VI. KAFLI

Sérfræðingaleyfi.

16. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, fyrir mæli um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafræðingum, er hafa aflað sér sérfræðingsmenntunar í einhverri megingrein lyfjafræði lyfsala (lyfjaefnafræði, lyfjagerðarfræði o.fl.) eða í öðrum greinum, sem kenndar eru lyfjafræðingsefnum, svo sem lífefnafræði (biochemistry), lyfjafræði lækna (pharmacology), eitrefnafræði (toxicology). Áður en reglugerðin er sett, skal leita umsagnar Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands. Að jafnaði skal eigi líða skemmri tími en fimm ár frá því lyfjafræðingur fékk starfsleyfi og þar til honum er veitt sérfræðingsleyfi.

Veiting sérfræðingsleyfa tekur ekki til aðstoðarlyfjafræðinga. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef aðstoðarlyfjafræðingur hefur lokið visindavinnu, sem metin er gild til doktorsprófs.

Leita skal álits þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 1. mgr.

VII. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

17. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, starfsleyfi samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem þar eru sett.

18. gr.

Ákvæði laga þessara um veitingu starfsleyfis lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga ná ekki til þeirra, sem starfsréttindi hafa hlotið samkvæmt lyfsölulögum nr. 30/1963, þegar lögin ganga í gildi.

Þeir lyfjafræðingar, sem hlotið hafa sérfræðiviðurkenningu Lyfjafræðingafélags Íslands, halda henni eins og um veitingu sérfræðingsleyfis skv. 10. gr. hafi verið að ræða.

Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um starfsskyldur og sviptingu leyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa starfsréttindi lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, þegar lögin ganga í gildi, á sama hátt og þeir hefðu öðlast starfsréttindi samkvæmt þessum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963 14., 15. og 46. gr.
2. Sömu lög IV. kafli.
3. Sömu lög 20. og 21. gr. að undanskildum þeim ákvæðum, er lúta sérstaklega að veitingu lyfsöluleyfis.

Enn fremur eru úr gildi felld önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G**um stimpilgjald.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Greiða skal stimpilgjald af þeim skjölum sem um ræðir í III kafla laga þessara.

2. gr.

Sé ekki annars getið í lögum þessum varðandi einstakar tegundir skjala gilda svofelldar almennar reglur um ákvörðun stimpilgjalds:

- a) Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi á heilum tug króna skal færa gjaldið niður í næsta heilan tug.

Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 100 kr.

- b) Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar sem stimpilskyldan er bundin við.

- c) Hljóði stimpilskytt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem áskilin eru eða lofuð um ótiltekinn tíma eða fyrir ákveðið tímabil sem er 25 ár eða lengra, skal reikna stimpilgjald af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabil er ákveðið innan við 25 ár telst stimpilgjaldið af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni. Sé árgjaldið mismunandi skal taka meðalgjaldið.

3. gr.

Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

4. gr.

Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskytt ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.

5. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum er það veitir en eigi nafni þess eða formi. Eftirrit af sáttum og notarialgerðum, er skapa réttindi eða skyldur sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda er um ræðir.

6. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

7. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskytt nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

8. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breytingu á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu ef hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun. Ella skal greiða gjald fyrir áletrunina og skal gjaldið nema hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

9. gr.

Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna er meta má mismunandi hátt telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II UM GREIÐSLU STIMPILGJALDS, STIMPLUN OG ENDURSKOÐUN GJALDSINS

10. gr.

Greiðsla stimpilgjalds skal staðfest með því að líma stimpilmerki á skjalið.

Fjármálaráðuneytið lætur gera stimpilmerki og ákveður útlit þeirra og fjárhæð.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að í stað stimpilmerkja megi staðfesta greiðslu gjaldsins með ástimplun stimpilmerkjavélar, notkun stimpils eða með annarri áletrun á hið stimpilskylda skjal.

11. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðilar hafa eigi undirritað samtímis telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla með sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið hvenær það var. Fjármálaráðuneytið getur lengt frest þennan ef sérstaklega stendur á.

12. gr.

Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina.

Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl, er um hendur þeirra fara, án sérstaks gjalds.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald og bókfærslu gjaldsins sem það kann að setja.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

13. gr.

Þeir sem hafa á hendi stimplun skjala skulu gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast. Sé sá sem stimplunar beiðist óánægður með ákvörðun gjaldsins getur hann skotið því undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn þess er ákvað gjaldið. Ef hlut- aðeigandi vill eigi heldur una úrskurði ráðuneytisins getur hann lagt málið fyrir dómstóla.

14. gr.

Stimpilmerki eða aðra staðfestingu um greiðslu stimpilgjalds, sem færð hefur verið á fullgild skjöl, er óheimilt að má af þeim aftur. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því þegar skjal er ógilt með öllu að lögum eða eigi verður af því að það réttarástand skapist sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal er af vangá stimplað of hátt skal endurgreiða það sem ofborgað er.

Endurgreiðslur samkvæmt þessari grein mega því aðeins fara fram að beiðni um þær hafi borist fjármálaráðuneytinu áður en tvö ár eru liðin frá útgáfu þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er þó að víkja frá þessum fresti ef sérstaklega stendur á.

Beiðni um endurgreiðslu skal að jafnaði fylgja frumrit þess skjals, sem beiðnin varðar, eða staðfest eftirrit af því.

15. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki nema svo sé ástatt að opinber starfsmaður eigi sök á því að eigi var stimplað. Fyrnist krafan þá á fjórum árum. Krafa til stimpilgjalds fellur enn fremur niður þegar liðin eru fimm ár frá þeim tíma er skjalið var með öllu úr gildi.

III UM STIMPILGJALD EINSTAKRA SKJALA

16. gr.

Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum skal greiða 400 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við fíógetagerðir, skipti og uppboð svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi og eigandinn gerist eignaraðili að félaginu eða eykur eignarhlut sinn í því lækkar stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta hans í félaginu.

Þegar fasteign eða skipi er úthlutað félagsmanni í hlutafélagi eða sameignarfélagi við félagsslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhluti hans í eigninni verður meiri en eignarhluti hans var í félaginu.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa greiðist hálf t gjald.

Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í húshelming hans, enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

17. gr.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir fasteignum telst eftir fasteignamati þeirra að leigulóð meðtalinni. Nú hefur fasteignamat ekki farið fram eða liggur ekki fyrir þegar bréf er stimplað og skal gjaldið þá teljast af áætlun fasteignamatsverði. Fjármálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins, sett nánari reglur um áætlun slíks matsverðs. Ef áætlun matsverðs er sérstökum örðugleikum háð má miða við kaupverð eignar, teljist það sennilegt.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir skipum telst eftir því kaupverði sem sett er á eignina í bréfunum, enda teljist það sennilegt, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum.

18. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst.

19. gr.

Ef heimildarbréf er framselt ber að stimpla framsalið sem afsal.

20. gr.

Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign skal greiða 2 000 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa er stimpilfrjálst.

22. gr.

Skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, öðrum en hluta-félögum, skulu stimpluð á sama hátt og hlutabréf. Hið sama gildir um skilríki fyrir eignarhluta þeirra manna sem bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags þar sem sumir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð en aðrir takmarkaða (kommandit félög).

23. gr.

Félagssamningar félaga með ótakmarkaðri ábyrgð skulu stimplaðir með 2% af því fé sem í félagið er lagt.

Leggi félagi fram persónulega vinnu til félagsins, auk fjárframlags eða í stað þess, skal vinnan metin til samræmis við framlagt fé annarra félaga. Aldrei skal vinnuframlag þó metið lægra en fjárframlag þess félaga sem minnst fé leggur fram til félagsins.

Hljóði félagssamningur ekki um nein fjárframlög skal hann stimplaður með 10 000 kr.

Framsöl á réttindum í félögum, sem falla undir 22. og 23. gr., eru stimpilfrjáls.

24. gr.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1 500 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 500 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1 000 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 300 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð bréfs.

25. gr.

Ef veðréttur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð sem frekast er ætlast til að tryggja.

26. gr.

Nú er skuld endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá sá sem stimplun annast innheimta helming gjalds þess er í 24. gr. getur. Sé skuld færð yfir á nafn annars aðila greiðist ekkert stimpilgjald.

27. gr.

Fyrir stimplun víxla og samþykktra ávísana, nema tékka, skal greiða 250 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund af fjárhæð skjalsins.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla stimplast það sem skuldabréf.

28. gr.

Nú hljóðar víxill eða samþykkt ávísun um borgun í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir sölugengi þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma er stimplun fer fram.

29. gr.

Framsöl á skuld er stimpilfrjálst.

30. gr.

Greiða skal stimpilgjald af váttryggingarsamningum. Ef váttryggingarskírteini er gefið út skal það stimplað, ella samningur, fyrsta greiðslukvittun eða annað skjal er váttrygginguna varðar.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð fjárhæð stimpilgjalds af einstökum tegundum váttrygginga. Skal stimpilgjald annaðhvort miðað við váttryggingarfjárhæð eða iðgjald.

Fjármálaráðuneytið hefur heimild til þess að gera samninga við váttryggingarfélög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum gegn eftirliti sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Enn fremur getur það veitt váttryggingarfélögum undanþágu frá því að framkvæma stimplun gegn annars konar tryggingu fyrir greiðslu stimpilgjalds. Loks getur það undanþegið einstakar tegundir váttrygginga stimpilgjaldi, ef sérstök ástæða þykir til.

31. gr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar skal greiða 5 000 kr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru síðar, skal greiða 400 kr. fyrir hver byrjuð hundrað þúsund þeirrar fjárhæðar sem verður séreign samkvæmt þeim. Verðmæti fasteigna skal í þessu sambandi metið samkvæmt ákvæðum 17. gr. en frá verði þeirra þannig ákvörðuðu má draga eftirstöðvar áhvilandi þinglýstra veðskulda. Frá veði annarra eigna má draga eftirstöðvar þinglýstra skulda er á þeim hvíla. Lágmarksgjald samkvæmt þessari málsgrein skal vera 5 000 kr.

IV ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísa til hins stimplaða og þess getið hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað að skjal, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað ber að stimpla hið síðara skjal eftir efni þess.

Það breytir eigi stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar greiðslu á öðru stimpilskyldu skjali, svo sem víxli.

33. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal rita, hvernig aðalskjalið er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi er heldur sannað, að frumritið sé löglega stimplað, skal stimpla samritið eða eftirritið eins og það væri frumrit.

34. gr.

Öllum opinberum starfsmönnum, svo og skiptaforstjórum, er skylt að hafa nákvæmar gætur á að lög þessi séu haldin og kæra brot er þeir verða áskynja um.

Þegar stimpilskyld skjöl eru afhent til þinglýsingar er opinberum starfsmönnum, sem hana annast, skylt að athuga hvort þau séu stimpluð. Ef svo er eigi ber þeim að heimta stimpilgjaldið þá þegar.

35. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum er snerta hann.

36. gr.

Ef stimpilskyld skjal er ekki stimplað innan tilskilins frests skulu þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, gera stimpilbeiðanda að greiða stimpilgjaldsálag er

nemi hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra skjala skal álagið vera 10% fyrir hvert byrjað 7 daga tímabil umfram tilskilinn frest, allt að hálfu grunngjaldinu. Álag þetta má innheimta með lögtaki.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt eftir atvikum að lækka eða láta niður falla stimpilgjaldsálag samkvæmt grein þessari ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

37. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Sömu refsingu skal sá sæta sem gefur rangar skýrslur um atriði er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds, neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða álagi, ritar rangt vottorð á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrits eða dagsetur skjal ranglega til að leyna broti á lögum þessum, nema um ásetningarbrot sé að ræða er varði þyngri refsingu samkvæmt XV kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Skulu skjöl, sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma, stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.

Gjört að Bessastöðum 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

- a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
- b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
- c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
- d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skyllt er að váttryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
- e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
- f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
- g. Rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjú varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundur skal halda þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Aldurslagasjóður fiskiskipa skal vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. KAFLI**Aldurslagasjóður fiskiskipa.****7. gr.**

Tilgangur Aldurslagasjóðs fiskiskipa er aðallega að greiða fyrir því, með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð.

8. gr.

Við gildistöku laganna yfirtekur Aldurslagasjóður fiskiskipa allar eignir og skuldbindingar Bráðafúadeildar Samábyrgðarinnar.

9. gr.

Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skipi var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á rúmlest í skipi. Ef skip er yngra en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en váttryggingarverð skipsins.

Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verið eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.

10. gr.

Allir eigendur stálfiskiskipa stærri en 12 rúmlestir og tréfiskiskipa með þilfari annarra en súðbyrtra skipa eru skyldir að vera aðilar að Aldurslagasjóði fiskiskipa og greiða árgjöld til hans.

Árgjöld skulu vera 3 000 kr. á rúmlest af tréskipum, en 1 000 kr. á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en 400 þús. kr. af einu skipi.

Árgjöld falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri liftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaefitirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabíl verði færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju uns jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

28. gr.

Í ársreikningum liftryggingarfélags skal færa sérstaklega liftryggingasjóð. Liftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 24. gr.

29. gr.

Liftryggingasjóður skv. 28. gr. skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum tryggðum með veði í liftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af bruna-

bótamatsverði húseigna og mannvirkja og 60% af fasteignamatsverði eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.

7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélag, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

30. gr.

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Þegar líftryggingasjóður er ávaxtaður eins og segir í 1. tl. 1. mgr. 29. gr., skal féð lagt á sérstaka bankabók, sem árituð er sem eign líftryggingasjóðs. Skal með hana farið eins og um verðbréf sé að ræða, sbr. 1. mgr., eftir því sem við getur átt. Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum eða bankabókum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 29. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

31. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr. skal hún þegar í stað taka í sínar vörslur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

32. gr.

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 31. gr., skal tryggingaæftirlitið leita til annarra íslenskra líftryggingarféлага um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaæftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir váttryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá váttryggingartökum og váttryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaæftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir váttryggingartakar eða váttryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaæftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur váttryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

III. KAFLI

Um skráningu og tilkynningaskyldu váttryggingarfélaga.

33. gr.

Halda skal skrá, váttryggingarfélagaskrá, um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja váttryggingar hér á landi, og skal hún vera í vörslu tryggingaæftirlitsins.

34. gr.

Hvert félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaæftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaæftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka váttryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein váttrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaæftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaæftirlitið geti metið umsóknina.

35. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega váttryggingarfélag, skal strax tilkynna til váttryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

36. gr.

Missi félag rétt til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldbrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr váttryggingarfélagaskrá.

37. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka váttryggingarstarfsemi.

IV. KAFLI

Eftirlit með váttryggingarfélögum.

38. gr.

Sérstök stofnun, tryggingaæftirlitið, hefur eftirlit með starfsemi váttryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra skipar forstöðumann tryggingaæftirlitsins en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að

hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn tryggingamálaráðuneytis og ráðherra.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur trygginga-
eftirlitsins.

39. gr.

Tryggingaeftirlitið lætur fara fram könnun á hverjum þeim þætti í rekstri váttryggingarféлага, sem það telur ástæðu til á hverjum tíma. Löggiltum endurskoðendum váttryggingarféлага er skylt að veita eftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar hjá félögunum, sem það óskar eftir.

Váttryggingarfélag, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og váttryggingarfélag þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfund, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðanda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 500 000. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga váttryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 500 000, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar váttryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðanda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

40. gr.

Félög, sem fá leyfi til váttryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þau ætla að nota.

Hyggist þeir, sem leyfi hafa til váttryggingarstarfsemi, breyta váttryggingarskilmálum sínum eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.

Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála váttryggingarféлага og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í váttryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjalda-
grundvöll. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga hvort iðgjöld váttrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem váttryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Váttryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölu-
manna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í váttryggingum og að öflun váttrygginga fari fram með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um að réttar upplýsingar séu gefnar um þær váttryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

41. gr.

Tryggingaeftirlitið skal árlega kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingarfélags á grundvelli ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg eru til þess að slík könnun geti farið fram.

Eigið fé starfandi váttryggingarfélags skal á hverjum tíma nema minnst tilteknu lágmarki, sem reiknað er út eftir nánari reglum, sem tryggingamálaráðherra setur með reglugerð. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarksgjaldþol váttryggingarféлага, hvernig það skuli reiknað og að hve miklu leyti hlutafé, stofnfé, varasjóðir og annað eigið fé skuli tekið með til útreiknings á gjaldþoli.

Tryggingaeftirlitið skal tilkynna váttryggingarfélagi niðurstöður sínar þegar að lokinni könnun og gefa því kost á að koma að skýringum og athugasemdum við niðurstöðurnar. Að þeim athuguðum skal tryggingaeftirlitið gera tillögur um úrbætur, ef þörf krefur.

42. gr.

Tryggingaeftirlitið getur krafist þá, er váttryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra, að jafnaði á venjulegum skrifstofutíma.

43. gr.

Sinni váttryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um váttryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal setja félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því, sem úrskæiðis hefur farið.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna váttryggðra.

Ef um er að ræða váttryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

44. gr.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiddast af eignum hlutaðeigandi váttryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 31. gr.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

45. gr.

Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu váttryggingargreina.

46. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á váttryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má váttryggingarfélögum að greiða allt að 2.5% af frumtryggingariðgjöldum og 0.6% af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu váttryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

47. gr.

Starfsmönnum tryggingaeftirlitsins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur váttryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar váttryggingarfélags.

48. gr.

Nú ris ágreiningur milli tryggingaeftirlitsins og váttryggingarfélags um framkvæmd á lögum þessum, og er þá unnt að skjóta þeim ágreiningi til umsagnar nefndar, sem skipuð er af tryggingaráðherra.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarfélaga eða viðkomandi váttryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.

49. gr.

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

50. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 26 18. apríl 1973, um váttryggingarstarfsemi.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um embættisgengi kennara og skólustjóra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal ein námseining jafngilda fullri námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu einingakerfi skal staðfest af matsnefnd sem menntamálaráðuneytið skipar þannig: Einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin leitar upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á, en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

2. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildir a. m. k. 30 námseiningum, auk annarrar tilskilinnar menntunar sem tilgreind er í öðrum greinum þessara laga, sbr. þó 9. gr.

3. gr.

Kennarar, sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt, skulu fá þessa menntun viðurkennda, sbr. 1. gr., ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans,
- b) að fyrir liggja matshæf gögn varðandi námið,
- c) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

4. gr.

Nú hefur umsækjandi um kennarastöðu stundað nám við erlenda menntastofnun og leggur fram prófskírteini eða námsvottorð. Leiki vafi á hvort umsækjandi hafi aflað sér þeirrar menntunar sem krafist er til starfsins skal matsnefnd, skv. 1. gr., meta hæfni umsækjandans að því er menntun varðar.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur og skipar kennara, yfirkennara og skólustjóra við grunnskóla og framhaldsskóla.

Um meðferð umsókna um stöður við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Þegar um er að ræða sömu stöður við framhaldsskóla skal leita umsagna skólustjóra og/eða skólanefndar.

Í auglýsingum um kennarastöðu skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar eða aldursstig nemenda sem kennara er ætlað að kenna.

6. gr.

Sæki fleiri en einn kennari um sömu stöðu og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

7. gr.

Eigi skal skipa kennara við skóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Sæki enginn um stöðu kennara sem fullnægir ákvæðum þessara laga um menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd telur hæfan.

8. gr.

Til þess að verða skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri, en tvö sé um heimavistar-skóla að ræða. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum. Sæki enginn um stöðu skólastjóra sem fullnægir ákvæðum þessarar greinar varðandi menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólanefnd telur hæfan.

9. gr.

Kennarar, sem lokið hafa kennaranámi fyrir gildistöku þessara laga eða hafa verið settir eða skipaðir í kennara- og skólastjórastöðu fyrir sama tíma, halda óskertum réttindum sem þeir hafa nú lögum samkvæmt.

10. gr.

Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd, skv. 1. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara eða skólastjóra skólans enda sé það ekki tekið fram í lögum eða reglugerðum fyrir viðkomandi skóla. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

II.

Grunnskóli.

11. gr.

- a) Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla, í öðrum greinum en um getur í c-, d- og e-lið þessarar greinar, skal umsækjandi hafa lokið
 - 1) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
 - 2) kennaranámi á háskólastigi ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein eða á sérsviði,
 - 3) öðru jafngildu námi.
- b) Kennarar, sem lokið hafa B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands, B.A.-prófi, B.S.-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum og fullnægja einnig skilyrðum 2. greinar, hafa rétt til kennslu í grunnskóla.
- c) Sérkennarar afbrigðilegra nemenda á grunnskólastigi skulu auk almennrar kennararmenntunar, sbr. a-lið, hafa lokið fullgildu framhaldsnámi í sérgrein sinni svo sem hér segir:

- 1) kennarar treglæsra og tornæmra barna 30 námseiningum,
 - 2) talkennarar, blindrakennarar, heyrnleysingjakennarar, kennarar þjálfunar- og hæfingarskóla, kennarar fjölfatlaðra barna og atferlistruflaðra barna 60 námseiningum.
- d) Til þess að verða skipaður handmenntakennari, myndíðakennari, tónmenntakennari eða kennari í heimilisfræðum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 námseiningar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.
- e) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við grunnskóla skal umsækjandi
- 1) hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum eða
 - 2) öðru jafngildu námi.

12. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við forskóla skal umsækjandi hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, sbr. 11. gr., a-lið. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með menntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

III.

Framhaldsskólar.

13. gr.

Til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 náms- einingum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 60 einingar í sérgrein.

14. gr.

Kennarar, sem hafa lokið B.A.-, B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 4. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar. Þó skal umsækjandi með cand. mag.-próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

15. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.:

- a) Til þess að verða skipaður íþróttakennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa
 - 1) lokið námi og fullgildum prófum frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða
 - 2) öðru jafngildu námi.
- b) Til þess að verða skipaður kennari í list- og verkmenntagreinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í listaháskóla eða öðrum sérskólum sem jafngildir a. m. k. 90 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.
- c) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal umsækjandi
 - 1) a. m. k. hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistaráréttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða, og
 - 2) hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.

- d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal umsækjandi hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmllestir.
- e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal umsækjandi fullnægja öðru hvoru eftirfarandi skilyrða:
- 1) hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða
 - 2) hafa lokapróf 4. stigs frá Vélaskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnarréttindi, auk starfsreynslu og meistararéttinda.
- f) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við hjúkrunarskóla skal umsækjandi hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða öðru jafngildu námi.
- g) Til þess að verða skipaður kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum í framhaldsskóla, skal umsækjandi hafa lokið hússtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru námi sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

16. gr.

Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.:

- a) Til þess að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.
- b) Til þess að verða skipaður kennari í myndlistar- og listiðnagreinum við Myndlista- og handiðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal umsækjandi hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, í listaháskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
- c) Til þess að verða skipaður kennari í tónlistargreinum við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík verður umsækjandi að fullnægja þessum skilyrðum:
- 1) hafa tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfæraleik, söng eða tónfræðum, eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu eða
 - 2) hafa lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (Conservatoire) eða tónlistarháskóla eða
 - 3) hafa sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
- d) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum Hótel- og veitingaskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og hafa 2 ára starfsreynslu við hóteltörf eða skyldan rekstur.
- e) Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.

17. gr.

Til þess að verða skipaður kennari við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur skal umsækjandi hafa

- 1) lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands, og
- 2) sérhæft sig til starfsins við stofnun sem menntamálaráðuneytið samþykkir; skal námið jafngilda a. m. k. 60 námseiningum.

Heimilt er að setja kennara með fullgildu kennaraprófi við hlutaðeigandi stofnun (skóla) um eins árs skeið til reynslu, enda sérhæfi hann sig síðan til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75, 28. nóv. 1919.

Lög um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 20, 1. febr. 1936.

Lög um menntun kennara, nr. 16, 12. mars 1947, að því er tekur til 49., 51., 52., 53. og 54. gr.

2. gr., fyrsta málsgrein, laga um Ípróttakennaraskóla Íslands, nr. 65, 29. maí 1972 um réttindi til ípróttakennslu.

18. gr. ípróttalaga, nr. 49, 7. apríl 1956.

6. gr. laga um heyrnleysingjaskóla, nr. 13, 31. mars 1962.

11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22, 3. maí 1972.

11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 1, 2. jan. 1973.

6. gr. laga um Hótel- og veitingaskóla Íslands, nr. 6, 30. mars 1971.

4. gr. laga um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 35, 18. apríl 1962.

10. gr., önnur málsgrein, laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38, 11. maí 1965.

18. gr. laga um Fósturskóla Íslands, nr. 10, 6. apríl 1973.

14. gr., fyrsta málsgrein, laga um menntaskóla, nr. 12, 25. mars 1970, að því er tekur til kennara og skólastjóra.

15. gr. laga um menntaskóla, nr. 12, 25. mars 1970.

18. gr. laga um iðnfræðslu, nr. 68, 11. maí 1966, að undanskildum ákvæðum greinarinnar um stundakennara og erindisbréf kennara og skólastjóra.

Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldu-námsskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G**um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skal hann sæta sektum samkvæmt 33. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 36. gr.“ í 1. málsg. 17. gr. komi: skal refsa honum samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðanna „skal hann sekur samkvæmt 42. gr.“ í 1. málsg. 19. gr. komi: skal refsa honum samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað „dómsmálaráðherra“ í 27. gr. komi: heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Í stað „dómsmálaráðherra“ í 3. og 4. málsg. 30. gr. komi: heilbrigðismálaráðherra.

5. gr.

33. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af útsöluverði sambærilegs áfengis hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Brot gegn 3. og 7. gr. varða fangelsi auk sektar, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað, varðar það fangelsi auk sektar. Sama er um brot veitingamanns, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

6. gr.

34. gr. orðist svo:

Gera skal upptækt til ríkissjóðs:

- a. Áfengi, sem ólöglega er flutt til landsins.
- b. Áfengi, sem skotið er undan innsigli eða vanrækt að skýra frá.
- c. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, sbr. 4. mgr. 19. gr.
- d. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum.
- e. Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum.
- f. Áfengi í vörslu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. 21. gr.

7. gr.

35. gr. orðist svo:

Skip, sem áfengi er ólöglega flutt með hingað til lands, sbr. 3. gr., skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Sama gildir um skip, þá er skipstjóri skýrir rangt frá um áfengi, er hann hefur meðferðis, eða dregur að skýra frá áfengisbirgðum, sbr. 4. gr.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farni þess, er heimilt að gera skipið upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um flugvélar eða annan farkost, sem áfengi hefur verið flutt með.

8. gr.

36. gr. orðist svo:

Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun telst brot fullframið, þegar áfengið hefur verið flutt inn í landhelgi.

9. gr.

37. gr. orðist svo:

Misbeiti lækni lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyslu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um lyfsala og starfsmenn þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyslu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla.

10. gr.

38. gr. orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum, svo og sviptingu veitingaleyfis um stundarsakir og fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Brot þjónustumanna varða og refsingu samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

39. gr. falli niður.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingastarfsemi, sekur um brot á lögum þessum, og brot á sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, og skal þá auk refsingar svipta hann veitingaleyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

13. gr.

41. gr. falli niður.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Hafi bifreiðastjóri ítrekað gerst sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot margítrekað.

43.—45. gr. falli niður.

15. gr.

46. gr. orðist svo:

16. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að brotin verði ákvæði 3. gr., 1. málsg. 6. gr. eða 7. gr., veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta refsingu samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og öðrum flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum
og verslun með þær vörur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum þeirra vöruflokka, sem lögin ná til, góða og óskemmda vöru, sem uppfyllir í öllum meginatriðum þær upplýsingar um vöruna, sem seljanda er skylt að gefa.

2. gr.

Eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal starfrækja Föðureftirlit ríkisins (FR), Áburðareftirlit ríkisins (ÁR) og Sáðvörueftirlit ríkisins (SR).

Deildarstjóri eftirlitsdeildarinnar sér um daglega framkvæmd eftirlitsins og rekstur undir stjórn forstjóra Rala.

3. gr.

Til aðstoðar eftirlitsdeildinni eru þrjár ólaunaðar nefndir:

1. Fóðurnefnd þannig skipuð:
Búfjárræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, fódursérfræðingur tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralæknir tilnefndur af yfirdýralækni.
2. Áburðarnefnd þannig skipuð:
Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.
3. Sáðvörunefnd þannig skipuð:
Jarðræktarráðunautur tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og tveir nefndarmenn tilnefndir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og skal annar þeirra vera starfandi tilraunastjóri.

4. gr.

Starfssvið nefndanna skal vera:

1. Gefa sérfræðilegar álitserðir í tjónamálum um þau efni, sem lög þessi taka til, sbr. 26. gr.
2. Vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlitsins í heild.
3. Gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingar á reglugerð um eftirlitið þegar ástæða þykir til.

5. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn eftirlitsdeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir aðilum, sem eftirlitsskylda nær til, né sitja í stjórn eftirlitsskyldra fyrirtækja.

6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur hvenær sem er bannað innflutning einstakra vöruhegunda, sem löggin ná til, ef þær að dómi eftirlitsdeildar eru skaðlegar eða með öllu gagnslausar við íslenskar aðstæður. Einnig getur landbúnaðarráðuneytið bannað eða takmarkað innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskrar framleiðslu.

7. gr.

Skylt er þeim, sem versla með vörur, sem löggin ná til, að láta fylgja vörum sínum þær upplýsingar, sem eftirlitsdeild (ED) ákveður hverju sinni eða ákveðnar eru í reglugerðum. ED gefur út staðla um eftirlitsskyldar vöruhegundir í samráði við sérfræðinga Rala og Búnaðarfélags Íslands, þar sem því verður við komið, og getur landbúnaðarráðuneytið bannað framleiðslu og verslun með vöruhegundir, sem ekki eru innan staðals.

8. gr.

ED Rala skal taka sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir. Starfsmenn ED skulu hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum, hvar og hvenær sem þeir óska þess.

9. gr.

Eftirlitsdeild skal nota almennt viðurkenndar rannsóknaraðferðir við rannsóknir sínar. Þegar sýni hefur verið rannsakað samkv. 8. gr. skulu hlutaðeigandi aðila tilkynntar niðurstöðurnar skriflega.

10. gr.

Eftirlitsdeild skal birta opinberlega niðurstöður tekinna sýna eins oft og þurfa þykir. Víki niðurstöður rannsókna meira frá tilgreindum mörkum en leyft er sam-

kvæmt reglugerð, er eftirlitsdeildinni heimilt að stöðva sölu á vörunni og grípa til þeirra ráða, sem að hennar dómi koma í veg fyrir tjón.

11. gr.

Seljanda eftirlitsskyldrar vöru er skylt að bæta kaupendum það tjón, sem þeir hafa sannanlega orðið fyrir vegna þess að varan hefur ekki verið í samræmi við upplýsingar og ábyrgð seljanda og reglur eftirlitsdeildarinnar.

Í reglugerð skulu vera nánari reglur um bótaskyldu, einnig um bótaskyldu vegna geymsluskemmda er fram kunna að koma.

12. gr.

Innflytjandi fóðurvöru og sáðvöru skal í hvert sinn er hann hefur ákveðið innflutning á eftirlitsskyldri vöru tilkynna eftirlitsdeildinni:

1. Nafn framleiðanda/seljanda ásamt þeim upplýsingum sem hann kann að hafa um vöruna.
2. Heildarmagn sendingar og magn hverrar einstakrar tegundar og hlutfallslega samsetningu ef um blandaða vöru er að ræða.
3. Uppskipun er því aðeins heimil að innflytjandi hafi fullnægt fyrrgreindri tilkynningarskyldu til eftirlitsdeildarinnar.

II. KAFLI

Um fóðureftirlit.

13. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eða bjóða til sölu fóðurvörur sem óhollar geta talist fyrir búfé. Skal við sölu ætíð ábyrgst af hálfu seljanda ákveðið fóðurgildi, prótein- og steinefnainnihald o. fl. sem FR krefst. Einnig er óheimilt að flytja inn eða selja fóður sem blandað er ákveðnum efnum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

14. gr.

Rannsóknaniðurstöður á sýnum, sem Fóðureftirlitið tekur, skulu birtar eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, svo að bændur hafi ávallt sem besta vitneskju um gæði og eiginleika þeirrar fóðurvöru, sem á markaði er á hverjum tíma.

15. gr.

FR gefur út staðla yfir einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum og getur bannað framleiðslu og sölu á fóðurblöndum, sem ekki eru innan staðla, sbr. 7. gr.

16. gr.

FR skal hafa eftirlit með aðstöðu sölufyrirtækja, sem versla með fóðurvörur og framleiða þær, hvað varðar húsnæði, hreinlætisaðstöðu og blöndunartæki fóðurblöndunarstöðva. Skylt er söluaðilum að hlíta fyrir mælum FR um úrbætur, ef þeirra er talin þörf til tryggingar vörugæðum.

III. KAFLI

Um áburðareftirlit.

17. gr.

ÁR hefur eftirlit með því, að tilbúinn áburður innihaldi þau efni og það magn, sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við stöðlun hverrar áburðar-tegundar.

Ávallt skal tilgreint og ábyrgst magn N, P og K svo og annarra efna eða efna-sambanda, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.

18. gr.

ÁR taki sýni til rannsóknar úr vörugeymslum sölu- og dreifingaraðila, hjá bændum og úr flutningatækjum eftir því, sem ástæður þykja til.

19. gr.

Komi í ljós við athugun að verulegur munur sé á uppgefnu og raunverulegu magni af áburðartegund sem Áburðarverksmiðjan hefur dreift til kaupenda, skal áburðareftirlitinu skylt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, svo kaupendur fái vitneskju um raunverulegt efnismagn áburðarins.

IV. KAFLI

Um sáðvörueftirlit.

20. gr.

SR hefur eftirlit með spírunarhæfni, hreinleika og öðrum eiginleikum sáðvöru sem ástæða þykir til, gefur út staðla um samsetningu fræblandna og hefur eftirlit með að blöndunarhlutföll séu í samræmi við þá.

Í gæðavottorði SR skal gildistími þess tiltekinn.

Sala er óheimil að liðnum gildistíma vottorðs, nema með nýju vottorði.

21. gr.

Sáðvörunefnd skal árlega semja og birta skrá yfir þær tegundir og stofna sem leyfilegt er að selja. Nefndin getur veitt undanþágur vegna sölu á tegundum og stofnum sem ekki eru á skrá.

22. gr.

SR skal hafa eftirlit með aðstöðu söluaðila hvað varðar geymslu, húsnæði, tækniútbúnað til blöndunar fræblandna og öðru er þýðingu hefur varðandi gæði sáðvöru.

V. KAFLI

Um eftirlitssjóð.

23. gr.

Þeir sem flytja inn vörur sem eru eftirlitsskyldar samkv. lögum þessum eða framleiða þær til sölu innanlands eru gjaldskyldir til eftirlitssjóðs Rala, sem er í vörslu stofnunarinnar, og skal um hann fært sérstakt bókhald.

24. gr.

Eftirlitsgjaldið og innheimta þess skal ákveðið í reglugerð í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og miðast gjaldið við að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði við framkvæmd eftirlitsins.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð þessari skal tekið mið af gildandi reglum um hliðstæða starfsemi á

Norðurlöndum, alþjóðasamþykktum um þessa starfsemi sem í gildi eru og Ísland er eða kann að verða aðili að.

26. gr.

Ágreiningi, sem kann að rísa vegna laga þessara eða reglugerðar sem við þau verður sett, má skjóta til landbúnaðarráðherra.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögnum, varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvöru nr. 32 20. apríl 1968.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

BYGGINGARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, framræsluskurðir, girðingar á lögbýlum, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi rafmagns, síma, hitaveitna og vatns, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki að undanskildum húsbýggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum.

Mannvirki undanþegin ákvæðum þessara laga skulu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um náttúruvernd.

Leiki vafi á því, hvort mannvirki er háð ákvæðum laga þessara, skal félagsmálaráðuneytið úrskurða um það.

2. gr.

Þar sem sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið, að fenginni umsókn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og umsögn skipulagsstjórnar, heimilað sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna.

II. KAFLI

YFIRSTJÓRN BYGGINGARMÁLA, ALMENN BYGGINGAR-
REGLUGERÐ OG BYGGINGARSAMPYKKTIR

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, sem fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð svo og sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttáð skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja, sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu, svo og aðra hollustuhætti og eldvarnir, að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru varðandi einstaka hluta byggingar og mismunandi tegundir bygginga, umgengni á vinnustöðvum og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um réttindi og skyldur byggingarstjóra, starfssvið hönnuða og iðnmeistara, hversu háttáð skuli byggingar-eftirliti, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té, og hvernig þau skuli innheimt.

Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök, sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, s. s. varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja.

Birta skal hina almennu byggingarreglugerð og sérreglugerðir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að setja í sérstaka byggingarsamþykkt fyllri ákvæði m. a. um stjórn og meðferð byggingarmála, um réttindi og skyldur iðnmeistara og byggingarfulltrúa og starfsreynslu. Til þess að byggingarsamþykkt öðlist gildi, þarf félagsmálaráðuneytið að staðfesta hana að fenginni umsögn Skipulagsstjórnar ríkisins. Byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

BYGGINGARNEFNDIR

6. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. 24. gr. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum byggingar-

fulltrúa. Félagsmálaráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

Sveitarstjórn og svæðisbyggingarnefnd geta ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar- og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og ráðuneytis, sbr. þó 7. mgr. 8. gr.

Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir og hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.

Byggingarnefnd annast þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.

Enn fremur er sveitarstjórn heimilt að fela byggingarnefnd önnur störf á sviði byggingarmála, s. s. að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál, nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

8. gr.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. mánaðarlega, svo framarlega sem erindi liggja til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað. Byggingarnefnd skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð hverju sinni.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi og hefur tekið þátt í afgreiðslu máls. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn með máli og móti, er málið fallið.

Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann vikja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.

Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina, sé þess sérstaklega óskað.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast ályktunin gildi, enda sé skilyrðum IV. kafla laga þessara fullnægt.

Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker félagsmálaráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og Skipulagsstjórnar.

IV. KAFLI

BYGGINGARLEYFISUMSÓKNIR OG BYGGINGARLEYFI

9. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969, um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.
2. Þeir, sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum, hafa undirritað yfirlýsingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Staðfesting á samþykkt byggingarnefndar, skv. 1. tölulið, fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykki sveitarstjórnar.

10. gr.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli, er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður á.

11. gr.

Sá, sem óskar leyfis til framkvæmda samkvæmt 9. gr., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum uppdráttum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um, hvaða önnur gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið. Í byggingarreglugerð skal enn fremur kveðið á um, hvaða séruppdrætti skuli gera af mannvirkjum og hvenær þeir skuli hafa borist byggingarfulltrúa.

12. gr.

Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynsla að baki. Þeir, sem hlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi, halda þeim rétti.

Réttur samkvæmt 1. mgr. til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga þessara, halda þeim staðbundnu réttindum. Enn fremur getur ráðherra veitt öðrum en 1. mgr. tekur til slík staðbundin réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafa gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti, hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrir fram veitt til þess samþykki sitt.

Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjalasafni byggingarfulltrúa. Enn fremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein.

13. gr.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga. Ákvæði V. kafla laga þessara gilda um slík mannvirki, eftir því sem við á.

Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

14. gr.

Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða eða rétt annarra.

15. gr.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða, frá því leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi, þegar undirstöður hafa verið steyptar. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar, með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 36. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði um byggingarhraða.

V. KAFLI

UMSJÓN MEÐ BYGGINGARFRAMKVÆMDUM

16. gr.

Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.

17. gr.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir lögum og samningi þeirra.

18. gr.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktu uppdrætti og að öðru leyti í samræmi við lög.

Byggingarstjóri skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.

19. gr.

Ákvæði 16.—18. gr. hagma í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum.

Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

VI. KAFLI BYGGINGARFULLTRÚAR O. FL.

20. gr.

Sveitarstjórn skal, að fengnum tillögum byggingarnefndar, ráða sér byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúa sett erindisbréf í samráði við byggingarnefnd.

Svæðisbyggingarnefndir skv. 2. mgr. 6. gr. skulu, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, ráða byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf.

21. gr.

Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandi-data úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

Fáiast ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarmeistara til starfans.

Framangreindir aðilar skulu a. m. k. hafa 2ja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr.

22. gr.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann undirbýr fundi byggingarnefndar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um, að byggingaruppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi annast daglegt eftirlit með því, að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglur. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, þegar þess er óskað, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Þá annast byggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum, og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, svo og útmælingu lóða, staðsetningu húsa svo og upplýsingagjöf til Fasteignamat ríkisins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976.

23. gr.

Nánari ákvæði um verksvið byggingarfulltrúa, skyldur hans og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í reglugerð.

24. gr.

Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa eftir því sem þörf krefur, að fenginni umsögn hans, og starfa þeir í umboði hans.

Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmálefni. Sveitarstjórn skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa.

25. gr.

Byggingarfulltrúa og starfsliði hans skal heimill aðgangur að byggingarmannvirki til eftirlits á vinnutíma.

26. gr.

Nú er viðhald eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa, og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því, sem áfátt er, innan tiltekins frests.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, skal með slík mál fara samkvæmt 36. gr.

27. gr.

Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

**VII. KAFLI
LEYFISGJÖLD**

28. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um hámarks mælingagjöld og byggingarleyfisgjöld. Þ.e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum. Enn fremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir eftirlit, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

29. gr.

Gjöld samkvæmt 28. gr. skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert og renna í sveitarsjóð.

30. gr.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda. Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda, getur byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin byggingarleyfisgjöld má innheimta með lögtaki.

**VIII. KAFLI
VIÐURLÖG**

31. gr.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Enn fremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögregluinni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli.

Hliti byggingaraðili ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, skal fara með málið að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði, sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

32. gr.

Ef hönnuður skv. 12. gr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í hága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykktu um byggingarmálefni, eða brýtur slíkt ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna félagsmálaráðherra það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann lög-gildingun skv. 12. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita umsagnar viðkomandi aðila, sem mælt er fyrir um í 12. gr.

33. gr.

Ef sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykktu um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 16. gr.

Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Ef hönnuður skv. 12. gr., iðnmeistari eða byggingarstjóri gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

35. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varða sektum, sem renna í sveitarsjóð. Í refsímáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

36. gr.

Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur, getur hún ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitar-sjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

IX. KAFLI GILDISTÖKUÁKVÆÐI O. FL.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1985, en jafnframt falla þá úr gildi ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 (sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948) um byggingarfulltrúa í sveitum.

- Við gildistöku laga þessara 1. janúar 1979 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:
 Lög nr. 19, 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
 Lög nr. 84, 16. desember 1943 um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.
 Lög nr. 108, 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr., sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948.
 Lög nr. 26, 1. apríl 1948 um breyting á lögum nr. 108 frá 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undanteknum a-lið 3. gr.
 Lög nr. 61, 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.
 Övið bréf 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verslunarstaðnum Akureyri.
 Lög nr. 55, 10. nóv. 1905 um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857.
 Övið bréf 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.
 Lög nr. 23, 20. október 1905 um breyting á opnu bréfi 26. janúar 1866.
 Lög nr. 14, 6. nóvember 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.
 Enn fremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Almenn byggingarreglugerð skv. 4. gr. skal sett innan 3ja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um búnaðarfræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

UM HLUTVERK, SKIPULAG OG STJÓRN

1. gr.

Markmið búnaðarfræðslu er:

- a) að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað;
- b) að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir landbúnað starfa;
- c) að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar.

Almenn búnaðarfræðsla skv. liðum a og b fer fram við búnaðarskóla, sbr. II. kafla. Enn fremur getur hún farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, með námskeiðahaldi og á hvern þann hátt annan, sem hagkvæmt þykir og samþykkt er

af yfirstjórn búfræðslumála. Fræðsla skv. lið c fer fram við búvísindadeild bænda-skólans á Hvanneyri í Borgarfirði, sbr. III. kafla laganna.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Nefndarmenn starfi á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

4. gr.

Á skólastöðum eða í tengslum við þá skal reka fjölbreyttan búskap, er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar, skapi aðstöðu til rannsókna og sé til fyrirmyndar, hvað snertir rekstrarhætti og umgengni.

5. gr.

Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

II. KAFLI UM BÚNAÐARNÁM

6. gr.

Í landinu skal starfrækja a. m. k. þrjá búnaðarskóla, að Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Odda á Rangárvöllum. Á búnaðarskólum skal veita bóklega og verklega fræðslu um alla þætti almenns búrekstrar svo og um aukabúgreinar, eftir því sem við verður komið við hvern skóla.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið verkaskiptingu á milli skóla og skólabúa, ef þurfa þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra, og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

8. gr.

Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnnum búnaðarsambanda viðkomandi landsbluta til fjögurra ára í senn. Skólanefnd skal m. a. efla tengsl skólanna við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til fulltingis við uppbyggingu skólaasetursins. Nánar skal kveða á um skipun og starfsvið hvernar skólanefndar í reglugerð. Skólanefndir séu ólaunaðar.

9. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara við skólana, en skólastjóri ræður stundakennara.

Kennarar við hvern skóla skulu vera eigi færri en 6 auk skólastjóra. Af þeim skal einn hafa yfirumsjón með skipulagningu á verkþjálfun og verknámi nemendanna, sbr. 12. gr. þessara laga.

Skipa má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

10. gr.

Fastir kennarar búnaðarskólanna skulu vinna fullt ársstarf. Auk kennslu skulu þeir vinna að rannsóknum, kennslubókagerð og öðrum hliðstæðum störfum í þágu skólastofnunarinnar. Nánar skal kveðið á um störf skólastjóra og kennara í erindisbréfi.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.**11. gr.**

Almenn deild búnaðarskóla nefnist bændadeild og lýkur námi í henni með búfræðiprófi.

Inntökuskilyrði í bændadeild eru:

1. Umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi eða aflað sér á annan hátt jafngildirar undirbúningsþekkingar að dómi skólastjóra.
2. Umsækjandi hafi öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, bæði vetur og sumar.

12. gr.

Nám við bændadeild skal skipuleggja sem tveggja ára nám. Árlegur námstími skal eigi vera skemmri en 27 vikur. Námið skiptist í eftirtalin þrjú svið:

1. Grunnám með aðaláherslu á undirstöðuatriði búfræði og búrekstrar.
2. Verknám og verkþjálfun, er farið getur fram jöfnum höndum á skólastöðunum og á bændabýlum eða öðrum búum, og þá undir eftirliti skólans.
3. Nám í hinum einstöku greinum búfræði og tengdum greinum.

13. gr.

Námsefni til búfræðiprófs skal ákveðið með námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Auk búfræðigreina og tengdra greina skal til búfræðiprófs kenna íslensku og stærðfræði. Enn fremur skal gefa nemendum kost á kennslu í ensku og einu Norðurlandamáli eftir ákvörðun búfræðslunefndar. Sú kennsla skal sniðin eftir námsefni almennra framhaldsskóla.

Nám til búfræðiprófs skal metið til eininga, hverfi nemandi úr búnaðarskóla að öðru framhaldsnámi.

Um tímalengd og skiptingu námsins, svo og fyrirkomulag þess og námsmat, skal nánar kveðið á í reglugerð.

14. gr.

Nú sækja nemendur, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, um innngöngu í bændadeild búnaðarskóla, og skal þá meta til eininga það af fyrra námi þeirra, sem nýtist fyrir búfræðipróf, og minnka námsskylduna, er því nemur.

15. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til námsbrautar í búfræði, og skal þá námsskrá slíkrar kennslu og fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðslunefndar.

Búfræðslunefnd ákveður, hvort eða hvenær slíkur skóli getur útskrifað búfræðinga.

Um nútæknánám og námskeiðahald.**16. gr.**

Heimilt er að koma á framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, nútæknánámi, við einn eða fleiri af búnaðarskólunum, þegar aðstæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Framhaldsnám þetta skal miða við, að það veiti fyllri fræðslu í búfræðigreinum, einkum nútækni, bústjórn og búnaðarhagfræði, og standi eigi skemur en 30 vikur.

Námsefni til nútæknaprófs skal ákveða með námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir. Nánar skal kveða á um fyrirkomulag náms og námsmat í reglugerð.

18. gr.

Búnaðarskólarnir skulu halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins. Námsefni skal miðast við, að þáð henti starfandi bændum og öðrum, er við landbúnað vinna, hvort sem þeir hafa lokið búfræðiþrófi eða ekki.

III. KAFLI

UM BÚVÍSINDANÁM

19. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækt búvísindadeild, sem er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar.

Búvísindadeild veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, er miðast við það, að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

20. gr.

Skólastjóri bændaskólans er yfirmaður búvísindadeildar. Deildarstjórn er skólafjórðing til ráðuneytis um stjórn deildarinnar og skipulagningu kennslu og rannsókna.

Deildarstjórn skipa fulltrúar kennara á öllum námssviðum (sbr. 24. gr.) og 2 fulltrúar nemenda við deildina.

Kveða skal nánar á um vald og verksvið deildarstjórnar í reglugerð.

21. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar, og samkvæmt lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

22. gr.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna dómnefnd, er fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Einn skal skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar, annar eftir tilnefningu Félags íslenskra búfræðikandidata, ráðherra skipar formann án tilnefningar. Skipa má þá eina í dómnefnd, sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Um inntökuskilyrði, námsefni og próf.

23. gr.

Skilyrði til inntöku í búvísindadeild eru þessi:

- a. að umsækjandi hafi lokið búfræðiþrófi með fyrstu einkunn,
- b. að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða öðru framhaldsskólanámi, sem deildarstjórn telur jafngilt og mælir með.

24. gr.

Námsefni deildarinnar er skipt í eftirtalin fimm svið:

1. Undirstöðugreinar, 2. búfjárfræði, 3. jarðræktarfræði, 4. bútækni, 5. búnaðarhagfræði og félagsfræði. Hverju námssviði er skipt í námsgreinar. Efni hverrar námsgreinar skal skilgreina í námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

25. gr.

Árlegur námstími við búvísindadeild skal eigi vera skemmri en 34 vikur. Ákveða má einstök námskeið utan reglulegs námstíma. Leyfi og önnur kennsluhlé skal ákveða í reglugerð.

26. gr.

Lokapróf frá búvísindadeild er kandidatspróf í búfræði (B. S. próf).

Námsskrá miðast við 3 ára nám og 4 ára nám.

Heimilt er að brautskrá búfræðikandidata að loknum tilskildum prófum eftir þrjú námsár.

Auk þess skal á fjórða námsári gefinn kostur á sérhæfðu námi og rannsóknabjálfun.

27. gr.

Hafa skal samvinnu við Háskóla Íslands um kennslu nemenda búvísindadeildar eftir því sem henta þykir, með tilliti til kennslukrafta og kennsluáðstöðu.

Um þá samvinnu skal gera sérstakt samkomulag á milli Bændaskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara við búvísindadeild.

Í reglugerð skal kveða á um námsmat og réttindi nemenda til að ganga undir próf.

29. gr.

Starfrækja skal við búvísindadeild fræðilegt bókasafn varðandi landbúnað. Það skal vera nemendum og kennurum til afnota svo og þeim sem vinna að landbúnaðarannsóknnum.

IV. KAFLI EMBÆTTISBÚSTAÐIR

30. gr.

Á landi skólanna skal reisa bústaði fyrir skólastjóra, kennara og aðra fasta starfsmenn skólanna, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

31. gr.

Nú vill fastur starfsmaður skóla reisa sér íbúðarhús, og á hann þá rétt á lóð undir það í landi skólans. Lóðir skulu ákveðnar í samræmi við skipulagsupprátt staðarins. Leita skal í hvert sinn samþykkis ráðherra fyrir byggingunni og þeirri teikningu, sem byggt er eftir.

V. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Kostnaður við stofnun og starfrækslu búnaðarskóla, búvísindadeildar og skólábúa greiðist úr ríkissjóði. Verði reksturshalli á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

33. gr.

Skólastjórar skólanna sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, ella selji skólarnir þeim fæði á kostnaðarverði.

34. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum búfræðslunefndar, skal kveða nánar á um starfsemi búnaðarskólanna, búvísindadeildar og annað, er að framkvæmd laga þessara lýtur.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 frá 20. apríl 1963.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1978. Ákvæði 12. gr. skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 4 árum frá gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G**um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Markmið og gildisvið laganna.****1. gr.**

Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

- a. vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum,
- b. vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

2. gr.

Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar, þjónustu o. s. frv., án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Ákvæði laga þessara um verðlag og samkeppnishömlur ná hvorki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

II. KAFLI Stjórnssýsla.

3. gr.

Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar.

Í verðlagsráði eru níu menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess sex menn, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

4. gr.

Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál, sem lög þessi taka til. Ákvörðunarvald í málum samkvæmt IV. kafla og 26. og 27. gr., sbr. 38. gr., V. kafla laga þessara er í höndum samkeppnisnefndar, sem í eiga sæti formaður verðlagsráðs og þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar. Ákvörðunarvald í öðrum málum er í höndum verðlagsráðs. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.

Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkvæmt sérstökum lögum, sbr. 2. málsg. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.

5. gr.

Verðlagsstofnun annast dagleg störf verðlagsráðs. Viðskiptaráðherra skipar verðlagsstjóra, sem veitir stofnuninni forstöðu. Verðlagsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi verðlagsráðs án atkvæðisréttar.

Verðlagsstofnun getur kvatt til sérstaka kunnáttumenn að svo miklu leyti sem það þykir nauðsynlegt.

Starfsmenn verðlagsstofnunar mega eigi hafa hagsmuna að gæta í þeim málum, sem stofnunin fjallar um. Sama gildir um þá sérstöku kunnáttumenn, sem stofnunin kallar til, í þeim málum, sem þeir fjalla um.

Við verðlagsstofnun skal starfa sérstök deild, neytendamáladeild, er annast framkvæmd V. kafla laga þessara.

6. gr.

Verðlagsstofnun getur krafist allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur verðlagsstofnun rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

Verðlagsstofnun getur í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattfyrvöldum svo og töllyfyrvöldum.

7. gr.

Við lausn efnahagsmála er ríkisstjórninni heimilt að beita þeim aðgerðum, er greinir í 3. tölulið 2. málsg. 8. gr. laga þessara, sem þætti í þeirri lausn. Skal ríkisstjórnin áður leita álits verðlagsráðs um slíkar aðgerðir. Jafnframt getur ríkisstjórnin þá falið verðlagsstofnuninni að annast nauðsynlegt eftirlit með ákvörðunum sínum.

III. KAFLI

Verðákvæðanir.

8. gr.

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

9. gr.

Þegar verðlagsákvörðunum er beitt er sala milli heildverslana innbyrðis og smásöluverslana innbyrðis (keðjuverslun) bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarnri álagningu að mati verðlagsráðs.

10. gr.

Þegar ákvæði eru sett samkvæmt 8. gr., skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 13. og 19. gr.

Ákvæði samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 2. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem ekki falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.

11. gr.

Verðlagsstofnun getur í samráði við fyrirtæki eða samtök þeirra sett reglur um verðjöfnun í því skyni að tryggja stöðugt verð. Reglur þessar skulu lagðar fyrir verðlagsráð til staðfestingar.

12. gr.

Verðákvæðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

13. gr.

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, rannsaka verð og álagningarhætti á

einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um.

IV. KAFLI

Markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur.

14. gr.

Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru ráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykktu um samkeppnishömlur.

Tilkynna skal til verðlagsstofnunar, samkvæmt kröfu samkeppnisnefndar, sbr. 4. gr., markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um helstu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvæðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða framleiðslu, sölu eða flutninga, skal tilkynna verðlagsstofnun eftir kröfu samkeppnisnefndar. Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er þó óheimilt, sbr. 21.—23. gr.

Í tilkynningu skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem kveðið er á um í samningnum eða samþykktinni.

Breytingar á því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna, áður en þær ganga í gildi.

15. gr.

Samningar og samþykktir, sem tilkynningarskyldar eru, sbr. 3. mgr. 14. gr., eru ógildar og njóta ekki verndar fyrir dómstólum, nema tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

16. gr.

Verðlagsstofnun heldur skrá yfir tilkynningar, sem henni berast samkvæmt ákvæðum 14. gr., og skal sjá um, að tilkynningar, ásamt fylgiskjölum, séu aðgengilegar öllum þeim, sem óska að kynna sér þær.

Samkeppnisnefnd getur ákveðið, að farið sé með tilkynningar og fylgiskjöl að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál, og gerir verðlagsstjóri nauðsynlegar ráðstafanir til að þeirri ákvörðun sé framfylgt.

17. gr.

Nánari ákvæði um tilkynningarskyldu og gögn þau, sem fylgja skulu tilkynningu, fresti til tilkynningar, samkvæmt 14. gr. skal setja í reglugerð.

18. gr.

Samkeppnisnefnd getur ákveðið, að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis verðlagsráðs.

19. gr.

Verðlagsstofnun skal sjá um, að reglum um tilkynningu samkvæmt 14. gr. og reglugerð samkvæmt 17. gr. sé fylgt. Enn fremur skal verðlagsstofnun kanna áhrif samkeppnishamla.

Skýrslur stofnunarinnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir samkeppnisnefnd. Nú telur samkeppnisnefnd, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá samkeppnisnefnd nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð, að ákvæðum 8. gr. verði beitt.

Í fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skuli gilda.

20. gr.

Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.

21. gr.

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt, þegar verðlagning er frjáls.

Nú er undanþága veitt frá ákvæðum 1. mgr., sbr. 24. gr., og getur þá verðlagsráð hannað, að verð og álagning hækki nema með samþykki þess.

22. gr.

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við gerð tilboða er óheimilt.

23. gr.

Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávikjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

24. gr.

Samkeppnisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 21.—23. gr. Undanþágur má veita, ef samningar, samþykktir eða ákvarðanir, sem um ræðir í 21.—23. gr., eru talin nauðsynleg:

- til að viðhalda samvinnu milli fyrirtækja, sem talin er leiða til lækkunar á kostnaði eða aukinna gæða framleiðsluvara eða stuðla að æskilegri hagræðingu,
- til að vernda fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum,
- vegna sérstakra ástæðna, er samræmast þjóðarhagsmunum.

Umsóknir um undanþágur samkvæmt grein þessari skulu vera skriflegar.

25. gr.

Samkeppnisnefnd getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 20. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir synjun. Synjun telst óréttmæt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og kaupendur treysta á framboð viðkomandi fyrirtækis, þar sem ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum og kaupandi er reiðubúinn og getur mætt öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn.

Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðlagsstofnun athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni.

Komist samkeppnisnefnd að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölu-synjunina. Takist það ekki, skal samkeppnisnefnd gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

V. KAFLI

Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.

26. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum.

27. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða heita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum, sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess, að skírskotað er til óviðkomandi mála, og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök, sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

28. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það, sem í té er látið og lög þessi taka til, þannig úr garði gert, að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t. d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu, sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar, þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið.

29. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa, að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

30. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar eða rekur atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

31. gr.

Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem látið er í té og lög þessi taka til, að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það, sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það, sem í kaupbætinum felst, sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætur.

32. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis, sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

33. gr.

Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því, sem í té er látið og lög þessi taka til, að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta, hver niðurstaðan verður.

Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

34. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars eða þann, sem kemur fram á hans vegum, með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt, sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt, eftir að brotið hefur verið gegn starfskyldum á þann hátt, sem greinir í 1. mgr., og eiga þá ákvæði 1. mgr. við, ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

35. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi, er lög þessi taka til, að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá, sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því, að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim, sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar, er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.—3. mgr. greinar þessarar, og er atvinnurekendum þá óheimilt að færa sér það í nyt.

36. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt, að greinilegt sé með verðmerkingum, hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

37. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarendi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum svo og að nota slíkt merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjöllum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið og lög þessi taka til, er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska rikisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga svo og erlend rikisskjaldarmerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

38. gr.

Samkeppnisnefnd getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um féviti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið. Féviti má innheimta með lög taki.

39. gr.

Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu féviti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

40. gr.

Bann samkvæmt 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfalli að sækja ekki um bann, getur sá gert það, sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða annað, sem í té er látið og lög þessi taka til, og málið snertir eða samtök þeirra, sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

41. gr.

Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

42. gr.

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

43. gr.

Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26.--27. gr., getur verðlagsstofnun lokið með sátt, ef það er ekki mikilvægt.

Sáttin felst í því, að fyrir þann, sem talinn er hafa unnið verk, sem fellur undir 26. eða 27. gr., eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrir mæli um bann að viðlögðu féviti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun samkeppnisnefndar samkvæmt 38. gr. Viðurkenning, sem gerð er eftir að sá tími er liðinn, sem til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

45. gr.

Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tiltekna vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Enn fremur getur

verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

46. gr.

Hafi fyrirtæki hagnast af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar eða verðlagsstofnunar, getur verðlagsráð ákveðið, að hagnaður umfram þann, sem til var ætlast, komi til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

VII. KAFLI

Meðferð og áfrýjun mála.

47. gr.

Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir verðlagsráð og samkeppnisnefnd. Greinargerðum skal skilað til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún ákveður.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

Fundir verðlagsráðs og samkeppnisnefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

48. gr.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun samkeppnisnefndar og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar.

49. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta 5 000—20 000 kr. dagsektum.

Verðlagsráð ákveður dagsektir og má innheimta þær með lögtaki.

50. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

VIII. KAFLI

Birting.

51. gr.

Þær ákvarðanir verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, svo og athuganir samkvæmt ákvæðum 13. gr. skulu birtar á þann hátt, sem ákveða skal með reglugerð. Enn fremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem verðlagsstofnun berast samkvæmt 14. gr.

Áður en niðurstöður athugana samkvæmt ákvæðum 13. gr. eru birtar, skulu þær kynntar samtökum hlutaðeigandi aðila.

IX. KAFLI

Refsiákvæði, gildistaka o. fl.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga.

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða lög-gildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

Uptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

53. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Um kvaðningu sérfróðra meðdómenda gilda almennar reglur.

Hraða skal eftir fögnum meðferð mála vegna brota á lögum þessum. Héraðs-dómarar skulu án tafar tilkynna verðlagsstofnuninni málalok samkvæmt 112.—114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum um hámarksverð eða hámarks-álagningu, ef vara hefur verið verðmerkt og jafnframt boðin til sölu í neytenda-umbúðum með hærra verði en magn hennar heimilar, þótt ekki sé sönnuð sala hennar.

54. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau eru staðfest og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

- a) Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.
- b) Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.
- c) 10. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.
- d) Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á stein-olíu.
- e) Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.
- f) Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.
- g) Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einka-leyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.
- h) Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráð-stafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu.
- i) Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

20. maí 1978.

Nr. 57.

L Ö G**um heilbrigðisþjónustu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- 1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
- 1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.
- 1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI**Yfirstjórn.****2. gr.**

- 2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.
- 2.2. Ráðuneytissjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

- 3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.
- Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.
- 3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð lækna, heilbrigðisstofnana, innheimtir þær og annast útgáfu heilbrigðisskýrsla landsins í samvinnu við deildir ráðuneytis.
- 3.3. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Ráðherra skipar aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.
- 3.4. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og

Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærur, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Landlæknir er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: Læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband isl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefna tvo menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar. Ráðið skal starfa án þóknunar.

5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.

5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

5.4. Ráðið skal hafa heimild til að ráða sér ritara og leita álits sérfræðinga á einstökum málum. Kostnaður við starf ráðsins skal greiddur úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um læknishéruð og heilbrigðismálaráð.

6. gr.

6.1. Landið skiptist í læknishéruð sem hér segir:

6.1. 1. Reykjavíkurborg, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.

6.1. 2. Reykjaneshérað, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkarkaupstað, Grindavíkarkaupstað, Garðakauptað, Sel-tjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

6.1. 3. Vesturlandshérað, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

6.1. 4. Vestfjarðahérað, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

6.1. 5. Norðurlandshérað vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

6.1. 6. Norðurlandshérað eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsvíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.

6.1. 7. Austurlandshérað, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafells-sýslu.

6.1. 8. Suðurlandshérað, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfoskaupstað.

6.2. Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn; í Reykjavík borgarlækni.

7. gr.

- 7.1. Í hverju héraði skal starfa heilbrigðismálaráð.
- 7.2. Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað að héraðslæknir er formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, og skal hver slík stofnun jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins. Í Reykjavík kýs borgarstjórn 7 fulltrúa óbundinni kosningu, en stjórnir heilbrigðisstofnana ríkisins og einkaaðila tilnefna fulltrúa frá hverri stofnun.
- 7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:
- 7.3.1. Stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og sveitarstjórna.
- 7.3.2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.
- 7.3.3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.
- 7.4. Ráðherra setur með reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða að fengnum tillögum landlæknis.

8. gr.

- 8.1. Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina, er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.
- 8.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

9. gr.

- 9.1. Kostnaður, annar en launa- og ferðakostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða, greiðist úr ríkissjóði.
- 9.2. Kostnaður heilsugæslulækna vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.
- 9.3. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnu álitum landlæknis og viðkomandi heilbrigðismálaráðs, ákvæði um starfsaðstöðu héraðslæknis svo og starfslið.

10. gr.

- 10.1. Um laun heilsugæslulækna, sem jafnframt eru héraðslæknar, fer eftir launasamningum fjármálaráðuneytis og L.Í. á hverjum tíma.

III. KAFLI

Um heilsugæslu.

11. gr.

- 11.1. Heilsugæsla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

12. gr.

- 12.1. Setja skal á stofn heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.
- 12.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.
- 12.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæslustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.
- 12.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæslustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins)

fyrir sjúkrahús, sbr. 33. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvikur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

13. gr.

- 13.1. Heilsugæslustöðvar geta verið með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H 2), þar sem starfa tveir lækningar hið minnsta ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H 1), þar sem starfar einn læknir ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð.

Heilsugæslustöð (H), þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur móttöku sjúklunga reglubundið. Heilsugæslustöð (H) skal stjórnunarlega heyra undir næstu heilsugæslustöð 1 eða heilsugæslustöð 2.

Ráðherra getur ákveðið að læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir hafi reglulega móttöku á stað utan heilsugæslustöðva, sé aðstaða til þess að mati héraðslæknis og landlæknis.

- 13.2. Starfslið heilsugæslustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.
- 13.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkvæmt 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæslustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

Ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð.

14. gr.

- 14.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæsluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

14.2. REYKJAVÍKURHÉRAÐ.

Staðarval heilsugæslustöðva og fyrirkomulag um samvinnu stöðva innan héraðsins verði ákveðið af borgarstjórn í samráði við héraðslækni og staðfest af ráðherra.

14.3. VESTURLANDSHÉRAÐ.

1. Akranesumdæmi.

- 1) Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.

2. Borgarnesumdæmi.

- 1) Borgarnes H 2, starfssvæði Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílsahreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur.
- 2) Kleppjárnshreppur H.

3. Ólafsvíkumumdæmi.

- 1) Ólafsvík H 2, starfssvæði Ólafsvíkahreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðvíkurhreppur og Neshreppur.
- 2) Hellissandur H.

4. Stykkishólmsumdæmi.

- 1) Stykkishólmur H 2, starfssvæði Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur og Eyrarsveit.
- 2) Grundarfjörður H.
- 3) Búðardalur H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.

14.4. VESTFJARÐAHÉRAÐ.

1. Patreksfjarðarumdæmi.

- 1) Patreksfjörður H 2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patreksahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur.
- 2) Bildudalur H.

2. Ísafjarðarumdæmi.

- 1) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur.
- 2) Suðureyri H.
- 3) Súðavík H.
- 4) Reykjanesskóli H.
- 5) Þingeyri H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúlahreppur.
- 6) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
- 7) Bolungarvík H 1, starfssvæði Bolungarvíkurkaupstaður.

3. Hólmavíkurumdæmi.

- 1) Hólmavík H 1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspaks-eyrarhreppur, Bæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur.
- 2) Árnes H.
- 3) Reykhólar H.

14.5. NORÐURLANDSHÉRAÐ VESTRA.

1. Hvammstangaumdæmi.

- 1) Hvammstangi H 2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.

2. Blönduósumdæmi.

- 1) Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
- 2) Skagaströnd H.

3. Sauðárkróksumdæmi.

- 1) Sauðárkrókur H 2, starfssvæði Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkróksskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
- 2) Hofsós H.

4. Siglufjarðarumdæmi.

- 1) Siglufjörður H 2, starfssvæði Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur.

14.6. NORÐURLANDSHÉRAÐ EYSTRÁ.**1. Dalvíkurumdæmi.**

- 1) Dalvík H 2, starfssvæði Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur.
- 2) Hrísey H.
- 3) Ólafsfjörður H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.

2. Akureyrarumdæmi.

- 1) Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaðar, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Háshreppur.
- 2) Grenivík H.

3. Húsavíkurumdæmi.

- 1) Húsavík H 2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur, Skútustaðahreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
- 2) Laugar H.
- 3) Reykjahlíð H.
- 4) Stórutjarnir H.
- 5) Kópasker H 1.

4. Þórshafnarumdæmi.

- 1) Þórshöfn H 1, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.
- 2) Raufarhöfn H 1, starfssvæði Raufarhafnarhreppur.

14.7. AUSTURLANDSHÉRAÐ.**1. Egilsstaðaumdæmi.**

- 1) Egilsstaðir H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.

- 2) Borgarfjörður eystri H.
- 3) Seyðisfjörður H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur.
- 4) Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.
- 5) Bakkafjörður H, starfssvæði Skeggjastaðahreppur.

2. Norðfjarðarumdæmi.

- 1) Neskaupstaður H 2, starfssvæði Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
- 2) Eskifjörður H 1, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.
- 3) Reyðarfjörður H.
- 4) Fáskrúðsfjörður H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
- 5) Stöðvarfjörður H.

3. Hafnarumdæmi.

- 1) Höfn H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
- 2) Djúpvogur H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
- 3) Breiðdalsvík H.

14.8. SUÐURLANDSHÉRAÐ.

1. Víkurumdæmi.

- 1) Vík í Mýrdal H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
- 2) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur.

2. Rangárvallaumdæmi.

- 1) Hvolsvöllur H 1, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur.
- 2) Hella H 1, starfssvæði Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúparhreppur.

3. Árnesumdæmi.

- 1) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur.
- 2) Laugarvatn H.
- 3) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkarhreppur og Stokkseyrarhreppur.
- 4) Eyrarbakki H.
- 5) Hveragerði H 2, starfssvæði Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
- 6) Þorlákshöfn H.

4. Vestmannaeyjaumdæmi.

- 1) Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

14.9. REYKJANESHÉRAÐ.**1. Keflavíkurumdæmi.**

- 1) Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður, Miðneshreppur og Gerðahreppur.
- 2) Grindavík H.
- 3) Sandgerði H.
- 4) Gerðar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

- 1) Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Vatnsleysustrandarhreppur og Hafnarfjarðarkaupstaður.
- 2) Garðabær H 2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

3. Kópavogsumdæmi.

- 1) Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.

4. Mosfellsumdæmi.

- 1) Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellsahreppur, Kjalar-neshreppur og Kjósahreppur.

5. Seltjarnarnesumdæmi.

- 1) Seltjarnarnes H 2, starfssvæði Seltjarnarneskaupstaður.
- 14.10. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið, skal heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjá um lækni móttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.
- 14.11. Þar sem tveir læknar eða fleiri eru starfandi á heilsugæslustöð getur ráðherra ákveðið að fengnum tillögum landlæknis og heilbrigðisráðs að einn þeirra skuli hafa tímabundna búsetu á heilsugæslustöð (H) í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðs-læknis, og sérstök staðarleg rök mæli með slíkri skipan.

15. gr.

- 15.1. Flokkun stöðva samkv. 14. gr. er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

16. gr.

- 16.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæslustöðva, svo sem rakið er í 14. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita lækni hjálpar til þeirrar heilsugæslustöðvar eða lækni móttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

17. gr.

- 17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til starfa við heilsugæslustöðvar. Þær skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.
- 17.2. Stefnt skal að því að hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum hafi sérmenntun í heilsuvernd, ljósmóðurfræði eða öðru framhaldsnámi hjúkrunarfræðinga.
- 17.3. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil, að heilbrigðismálaráð telji þess þörf.
- 17.4. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um réttindi þeirra og skyldur.

18. gr.

- 18.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.
- 18.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.
- 18.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæslustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 18.1.

19. gr.

- 19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á svo sem hér segir:

- 1) Almenn lækniþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
- 2) Lækningarannsóknir.
- 3) Sérfræðileg lækniþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.
- 4) Hjúkrun í heimahúsum.
- 5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:

- 5.1. Mæðravernd.
- 5.2. Ungbarna- og smábarnavernd.
- 5.3. Heilsugæsla í skólum.
- 5.4. Berklavarnir.
- 5.5. Kynsjúkdómavarnir.
- 5.6. Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
- 5.7. Sjónvernd.
- 5.8. Heyrnarvernd.
- 5.9. Heilsuvernd aldraðra.
- 5.10. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
- 5.11. Félagráðgjöf.
- 5.12. Umhverfisheilsuvernd.
- 5.13. Atvinnusjúkdómavarnir.

Ráðherra getur ákveðið að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu á heilsugæslustöð.

- 19.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæslustöðvar og fyrirkomulag, lækna fjölda og annað sérmenntað starfslid, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við landlækni og hlutaðeigandi heilbrigðismálaráð.
- 19.3. Ráðherra setur læknum, sem starfa á heilsugæslustöð, erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

20. gr.

- 20.1. Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist að jöfnu af hvorum aðila, ríkissjóði og sveitarfélögum.
- 20.2. Ráðherra setur gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamлага fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

21. gr.

- 21.1. Stjórn heilsugæslustöðva, H 1 og H 2, skal þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kys einn mann en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Kjörtímabil stjórnna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórnna.
- 21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 30. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.
- 21.3. Séu tveir eða fleiri lækna á heilsugæslustöð, skal stofna læknaráð. Formaður þess er jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar.

22. gr.

- 22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:
- a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.
 - b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

IV. KAFLI

Um sjúkrahús.

23. gr.

- 23.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

24. gr.

- 24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:
1. Svæðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
 2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
 3. Almenn sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegu-sjúklinga.

4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
 5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæslustöð eða annars staðar sem eingöngu er ætlað til gæslu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
 6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjúsjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
 7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.
- 24.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landsamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju lækni- héraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulíð 2 í 24.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

25. gr.

- 25.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahús er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 24. greinar.

26. gr.

- 26.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.
- 26.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

27. gr.

- 27.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 26. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástandur og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.
- 27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

28. gr.

- 28.1. Heilbrigðisyrfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

29. gr.

- 29.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 24. gr. skal starfa sérstakur yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri.
- 29.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og hjúkrunarstjórar deilda. Yfirlæknir (forstöðumaður) sérdeildar ber ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Hann skal hafa eftirlit með starfsemi deildarinnar og stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

- Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru til andsvara stjórn sjúkrahússins um öll málefni, er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir.
- 29.3. Formaður lækna ráðs svæðis- og deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmáður þess en í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og sjúkrahússtjórn og lækna ráð sjúkrahússins hins vegar.
- 29.4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

30. gr.

- 30.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32.3. gr., tilnefni 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.
- 30.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar kys fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kys starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.
- 30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundir og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama máli gegnir um annað starfslið er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.
- 30.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.
- 30.5. Sjúkrahússtjórnir skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 4 ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánú samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsa. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.

31. gr.

- 31.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæslustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu álitni innan sex vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.
- 31.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., og stjórnarnefndar, sbr. 30.1., sbr. þó 21. gr. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.

- 31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr. Þó þarf ekki að leita þeirrar umsagnar ef reglur sjúkrahúss kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækni deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma.
- 31.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.
- 31.5. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs og viðkomandi sjúkrahússtjórnar. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

32. gr.

- 32.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.
- 32.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.
- 32.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.
- 32.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.

33. gr.

- 33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi heilbrigðismálaráð, landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þau undæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva. Áætlun skal gera til 5 ára og endurskoðast árlega og færast fram við gerð fjárlaga.

34. gr.

- 34.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 33. gr.
- 34.2. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma og annast rekstur á heilbrigðisstofnunum í samræmi við ákvæði þessara laga.

Ráðherra getur ákveðið að ríki og sveitarfélag eða sveitarfélög reki heilbrigðisstofnun í sameiningu þyki slíkt henta. Ráðherra getur gert samkomulag við aðra aðila um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.

- 34.3. Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað samkvæmt 34.2., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað.
- 34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga en greiða viðhald fasteigna og tækja að jöfnu.

35. gr.

- 35.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

- 36.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbót á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

37. gr.

- 37.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknastofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.
- 37.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

38. gr.

- 38.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum. Í stjórn líknarféлага, er þiggja styrk frá ríkissjóði og laga heilbrigðisþjónustu, skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann.
- 38.2. Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

39. gr.

- 39.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.
- 39.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

40. gr.

- 40.1. Heimilt er ráðuneytinu, að fenginni umsógn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum og læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

41. gr.

- 41.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.
- 41.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

41.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að lækna hafa ekki fengist til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

41.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

42. gr.

42.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 56/1973.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ljóst er að uppbygging heilsugæslustöðva samkv. lögum þessum mun taka langan tíma og verða missnemma á ferð á ýmsum stöðum.

Nú eru staðir þar sem ekki hafa enn verið reistar slíkar heilsugæslustöðvar en til staðar eru læknaistöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslíð, sem taki laun hjá ríki, en eru reknar af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum á staðnum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um. Telji ráðuneytið þessar stöðvar og starfsemi þeirra fullnægjandi sem bráðabirgðalausn þar til heilsugæslustöð fyrir svæðið hefur verið reist í samræmi við lög þessi skulu þær njóta viðurkenningar og fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaup þess fastráðins, sérلærðs fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu, og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.

2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgert er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að 1 ár.

3. Héraðslæknar á lækni-setrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæslustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan löggin eru að komast til fullra framkvæmda er heimilt að ráða lækna og annað starfslíð að heilsugæslustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar.

4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1965, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um Þjóðleikhús.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að sibatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokka og einn samkvæmt tilnefningu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiriháttar ákvarðanir er stofnunina varða.

6. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 13. gr., að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna.

7. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

8. gr.

Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raði niður á æfingum og æfingatímum, skipuleggi leikferðir innanbæjar og utan og annist önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt Þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

10. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Skulu bókmennta- og leiklistarráðunautur og listdansstjóri vera í fullu starfi, en starf tónlistarráðunauts skal vera $\frac{1}{3}$ af fullu starfi.

11. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal leitast við, að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

12. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félagi, sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda allt að einu ári.

13. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélag hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

14. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateignara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

15. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

16. gr.

Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp öðru leiksviði, svo mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga, og leysi það þá af hólmi bráðabirgðasvið það sem komið hefur verið upp í veitingasal leikhúskjallara.

17. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

18. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til. Eigi skal ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

19. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86, 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

20. maí 1978.

Nr. 59.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Orðið „fæðingarstyrks“ í 10. gr. falli niður.

16. gr. laganna falli niður.

3. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 20. gr., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 29. gr., með iðgjaldi, reiknuðu sem hundraðshluta af greiddum launum. Nær gjaldskylda til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum, skal meta þau til peninga eftir sömu reglum og gilda um launaskatt. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Við f-lið 29. gr. laganna bætist:

Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr., skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 30. gr. standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal með reglugerð ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra, sem getur í f-lið 29. gr.

Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrar-kostnað slysatrygginga næsta almanaksár, að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

Iðgjald af launþegum, sbr. a-lið 29. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum, eins og þau eru skilgreind í 25. gr. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, vélsleða, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisafvéla.

Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau, sem nefnd eru í 3. og 4. málsg. skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.

6. gr.

Í stað b-liðar 1. málsg. 39. gr. laganna komi þrjú stafliðir, er orðist svo:

- b. Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.
- c. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
- d. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun.

Stafliðir c-f í 1. málsg. 39. gr. verði stafliðir e-h, og aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja, samkv. stafliðum b—d. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

7. gr.

Á eftir orðinu „sjúkrahúsi“ í 1. málsg. 42. gr. laganna komi „þ. á m. fæðingarstofnun“.

8. gr.

Í stað stafliða f-h í 1. málsg. 43. gr. laganna komi stafliðirnir f-j, er orðist svo:

- f. Við fæðingu í heimahúsum, kostnað vegna aðstoðar ljósmóður, ákveðinn með þeim hætti, sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.
- g. Tannlækningar samkvæmt 44. gr.
- h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að $\frac{3}{4}$ hlutum.

- i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að $\frac{3}{4}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast $\frac{3}{4}$ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

- j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar.

Í stað 3. og 4. málsg. 43. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða, með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar, hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

9. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, veitta af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við, greiða sjúkrasamlög svo sem hér segir:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglínga 6—15 ára 50% af kostnaði við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerðir og tannréttingar, en 37.5% af þessum aðgerðum. Sveitarfélögum skal skylt að leggja fram jafnmikið á móti. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglínga 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
4. Fyrir unglínga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 75% kostnaðar við tannréttingarmeðferð, sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára, þar til meðferð er lokið.

Heimilt er að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglíngi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda sé tryggingayfirlækni gerð grein fyrir því, þegar þörfin kemur upp eða a. m. k. áður en unglíngurinn verður 17 ára, að rétt sé að fresta aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykki það.

5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%.

Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.

10. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlag greiðir sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur, sé um þær að ræða, falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklíngurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verði að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en 3 mánuði.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. í 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, er óvinnuhæfni er staðreynd af lækni.

Fullir dagpeningar skulu nema kr. 1 647 fyrir einstakling og kr. 448 fyrir hvert barn á framfæri innan 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Fullra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður launaða vinnu, sem nemur minna en heils dags vinnu, en a. m. k. hálf dags starfi. Sé felld niður launuð vinna, sem nemur minna en hálf dags starfi, greiðast dagpeningar er nema $\frac{3}{4}$ misstra launatekna, allt að hálf-

um dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema fjórðungi fullra dagpeninga, að viðbættum $\frac{3}{4}$ hlutum sannaðra greiðslna fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp $\frac{1}{2}$ dag í viku allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum, er tilgreini vinnutíma, greidd laun og nafnnúmer viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. — Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki fjórðung dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda, samkvæmt framanskraðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu samkv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálf dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfra dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í 3 mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða, hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu 2 mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót, sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur $\frac{3}{4}$ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

11. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 25. og 36. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 68 1971, og skulu ákvæði 40.—43. gr. þeirra laga gilda um iðgjöld eftir því, sem við á. Þó skulu iðgjöld af öku- mönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár.

Í reglugerð samkvæmt 4. málgr. 36. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

12. gr.

66. gr. laganna falli niður.

13. gr.

1. málgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sbr. þó ákvæði 1. málgr. 65. gr. um iðgjöld af öku mönnum bifreiða og ákvæði næstu málsgreina hér á eftir. Ákvæði laga nr. 68 1971, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda, svo og um innheimtu framlags sveitarfélaga til sjúkralaga.

14. gr.

2. málslíður 1. málgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 2. málgr. 36. gr.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu iðgjalda gjaldárið 1979 vegna gjaldstofna ársins 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laga þessara skulu höfuðstólsandvirði slysalífeyris og annað fé slysatrygginga renna til varasjóðs slysatrygginga. Úr þeim sjóði skal síðan inna af hendi eingreiðslur og greiðslur sjúkrahjálpar vegna bótaskyldra slysa, sem orðið hafa fyrir árslok 1978, svo og lífeyris og dagpeninga vegna tímabils fyrir árslok 1978.
2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri 75% öryrkja sem hafa vinnugetu, en nýtast ekki á vinnumarkaðinum, og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur lífeyristrygginga. Meðan vinnusamningurinn stendur greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnunin endurgreiðir:

75% af þeim launum sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið,
50% af þeim launum sem hann fær greidd annað starfsárið, og
25% af þeim launum sem hann fær greidd þriðja starfsárið og telst þá samningstímabilj lokið.

Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svo hljóðandi:
Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í 3. tölulið.
Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.

Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hvernar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hvernar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefnda“ í 2. málsg. komi: jarðanefnda.

8. gr.

Við 39. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsg. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972, um orlof húsmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí.

Orlofsnefndum er heimilt að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef þörf krefur.

Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Jafnframt fellur úr gildi III. kafli laga nr. 94 30. desember 1975, um breyting á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

20. maí 1978.

Nr. 62.

L Ö G

um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmalaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslenskum stjórnmalaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum. Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu.

2. gr.

Lög þessi taka til stjórnmalaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða, og einnig til blaða og tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félagasamtaka.

3. gr.

Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

4. gr.

Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að tíu milljónum króna. Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Einar Ágústsson.

24. maí 1978.

315

Nr. 63.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum til þess að tryggja hag þeirra, sem lægst laun hafa, og greiða þannig fyrir lausn á vinnudeilu þeirri, er nú stendur milli samtaka launþega og vinnuveitenda og valda mun alvarlegri röskun á framleiðslustarfsemi í landinu og þjóðinni tekjutapi, ef ekki leysist. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal frá 1. júní 1978 greiða fullar verðbætur skv. ákvæðum kjarasamninga á dagvinnulaun þeirra launþega, sem hafa 115 000 krónur eða lægri laun á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við verðbótavísitölu þá, er gildi 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978. Á dagvinnulaun, sem hærri eru, skal greiða sömu verðbætur að krónutölu og greiða skal skv. kjarasamningum á laun, sem voru 115 000 krónur á mánuði skv. framansögðu, enda nemi verðbætur skv. 1. gr. eigi hærri fjárhæð. Verðbætur skv. þessari gr. umfram verðbætur skv. 1. gr. nefnast verðbótaviðauki og greiðast eingöngu fyrir dagvinnu eða hliðstæða vinnu og teljast hvorki til kauptaxta né reiknitalna ákvæðisverka.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar þar á meðal hvaða greiðslur skuli telja til dagvinnulauna, hvernig fara skuli með kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, og með hvers konar álög og kaupauka hverju nafni sem nefnast, einnig um vaktavinnulaun og laun fyrir tímamælda ákvæðisvinnu verkafólks og iðnverkafólks og aðra ákvæðisvinnu og um uppgjörstíma fyrir verðbótaviðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1978.

Gjört í Reykjavík 24. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1978

Nr. 64.

316

18. maí 1978.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 65.

16. maí 1978.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23
3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 600 000“ í 2. mgr. komi: kr. 1 200 000.

c. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka váttryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Í stað „1,25%“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1976, verði svo hljóðandi:

Lengd almenningsbifreiða til fólksflutninga má vera allt að 13 m miðað við tveggja öxla bifreið. Sé bifreið búin þremur öxlum má lengd hennar vera meiri. Dómsmálaráðherra getur með ákvæðum í reglugerð eða á annan hátt sett reglur um hámarks lengd slíkra bifreiða, ef þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að taka leigu eftir sorpílát, sem sveitarstjórn leggur húseigendum til. Leigugjald skal ákveða í reglugerð og er gjaldið tryggt með lögveðsrétti í húseign leigutaka í tvö ár eftir gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabýgginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 95 24. des. 1971.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

46. gr. 2. málsg. laganna orðist svo:

Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 13 31. mars 1962, um heyrnleysingjaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. grein, svo hljóðandi:

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 19. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 40. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir 39. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört i Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:
Skiptagerðum samkvæmt lögnum skal þinglýsa.

2. gr.

Úr 2. málsg. 16. gr. falla brott orðin:
Skiptameðferð þessari skal þinglýsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört i Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám
án undangengins dóms eða sáttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. máls-
gr. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttar-
lögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

16. maí 1978.

Nr. 74.

L Ö G

um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofn-
unin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal
hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfir-
heyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera
heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmíðir
ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir fyrir hönd ríkisins 90%
af rekstrarkostnaði en sveitarfélögin 10%.

3. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lög-
um nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar-
og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfs-
menn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

4. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið gerir tillögur um einn mann, Tryggingastofnun ríkisins um einn, Samband ísl. sveitarfélaga um einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Heyrnarhjálp einn sameiginlega, Sérkennarafélag Íslands, talkennaradeild einn og Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn.

5. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutunar heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að því er tekur til heyrnartækjameðferðar og heyrnarrannsóknna.

6. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náð samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

7. gr.

Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skal þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk.

8. gr.

Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Slíkar deildir skulu starfa í samráði við stofnunina í Reykjavík.

9. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1976 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðu-
tölum í þús. kr.:

Gjöld :	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	355 064	547 525
01 Forsætisráðuneytið	1 200 225	1 225 911
02 Menntamálaráðuneytið	9 282 787	11 392 165
03 Utanríkisráðuneytið	732 716	917 106
04 Landbúnaðarráðuneytið	2 867 507	3 725 084
05 Sjávarútvegsráðuneytið	1 366 523	2 057 318
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	3 131 121	4 535 108
07 Félagsmálaráðuneytið	2 636 435	3 227 321
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	19 544 304	22 632 976
09 Fjármálaráðuneytið	2 768 888	2 901 382
10 Samgönguráðuneytið	6 367 505	7 945 139
11 Iðnaðarráðuneytið	1 760 895	1 638 046
12 Viðskiptaráðuneytið	5 041 055	5 241 558
13 Hagstofa Íslands	53 017	55 379
14 Ríkisendurskoðun	61 138	63 808
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1 688 071	2 401 940
Mismunur	1 485 139	816 085
	<hr/>	<hr/>
	Samtals 60 342 390	71 323 851
Tekjur :	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	59 627 686	70 164 826
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	198 464	245 509
13 Ýmsar tekjur	516 240	913 516
Mismunur		
	<hr/>	<hr/>
	Samtals 60 342 390	71 323 851

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1976 er veitt:

	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	34 381
01 Forsætisráðuneytið	25 686
02 Menntamálaráðuneytið	2 109 378
03 Utanríkisráðuneytið	184 390
04 Landbúnaðarráðuneytið	857 577
05 Sjávarútvegsráðuneytið	690 795
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 403 987
07 Félagsmálaráðuneytið	590 886
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	3 088 672
09 Fjármálaráðuneytið	132 494
10 Samgönguráðuneytið	1 577 634
12 Viðskiptaráðuneytið	200 503
13 Hagstofa Íslands	2 362
14 Ríkisendurskoðun	2 670
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	713 869

Samtals 11 615 284

Gjört í Reykjavík 17. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. málsg. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 3. gr. orðist svo: Heimild þessi gildir til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

37. gr. 1. málsg. 2. málslíður laganna orðist svo:

Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á

varnarþingi fasteignar eða skrásetts skips, og hennar skal getið á verslanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verslanaskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Össuri Guðbjartssyni eyðijörðina Kollsvík í

Rauðasandshreppi á því verði sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24
10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:
 - a. Regla 3 b orðist svo:
 - b. Blöndur, samsettar vörur, úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vöru-
samstæður (sett), sem eigi verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu
flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir þær, enda
verði slíku mati komið við.
 - b. Regla 3 c orðist svo:
 - c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan
skal telja þær til þess tollskrárnúmers sem síðast er þeirra tollskrár-
númera sem að jöfnu koma til álita.
2. Á 4. kafla:

Athugasemd 1 við 4. kafla orðist svo:

 1. Til mjólkur telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, hleypt mjólk, kefir, jóghúrt
og önnur gerjuð eða sýrð mjólk.
3. Á 5. kafla:
 - a. Athugasemd 1 b við 5. kafla orðist svo:
 - b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim
er teljast til nr. 05.05 eða 05.07, og afklippur og þess háttar úrgangur
af óunnum húðum og skinnum er teljast til nr. 05.15 (41. eða 43. kafli).
 - b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 1 d við 5. kafla komi: (nr. 96.01)
 - c. 05.06 falli brott.
 - d. 05.09 orðist svo:
 - 05.09 Fílabein, skjaldbökuskeljar, horn, hófar, neglur, klaufir, klær og
nef, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og úrgangur og
mjöl úr þessum vörum; hvalskiði og þess háttar, óunnið eða laus-
lega lagað til en ekki formað, og skiðishár og úrgangur frá þess-
um vörum

- e. 05.10 falli brott.
 f. 05.11 falli brott.
4. Á 7. kafla:
 Í stað svigans „(nr. 11.03)“ í athugasemd c við 7. kafla komi: (nr. 11.04).
5. Á 10. kafla:
 Athugasemd við 10. kafla orðist svo:
 Til kaflans telst aðeins korn sem hvorki hefur verið afhýtt né unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður, hálfsoðinn eða efnabættur ris og brotris.
6. Á 11. kafla:
 a. Í stað tilvitnunar „21.01“ innan sviga í athugasemd 1 a við 11. kafla komi: 21.02.
 b. 11.02 ásamt undirliðum og skiptiliðum orðist svo:
 11.02 Grjón úr korni og annað unnið korn (t.d. valsað, flatt út, fágað, kurlað eða afhýtt en ekki frekar unnið), þó ekki ris sem telst til nr. 10.06; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:
 10 — Hveitigrjón
 — Önnur grjón úr korni:
 21 — — Mais, kurlaður
 29 — — Annars
 — Annað unnið korn, (þó ekki mjöl og grjón), t.d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt, en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:
 — — Úr höfrum:
 31 — — — Í smásöluumbúðum 5 kg og minna
 32 — — — Í öðrum umbúðum
 39 — — Annars
 c. 11.03 falli brott.
 d. 11.04 orðist svo:
 11.04 Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum sem teljast til nr. 07.05 eða úr ávöxtum sem teljast til einhvers númers í 8. kafla; mjöl og grjón úr sagó og rótum og rôtarhnýðum sem teljast til nr. 07.06
 e. 11.06 falli brott.
7. Á 12. kafla:
 a. Á eftir orðinu „umfeðmingsgrasi“ í athugasemd 2 við 12. kafla komi: (þó ekki af tegundinni *vicia faba*).
 b. 12.05 falli brott.
 c. 12.08 orðist svo:
 12.08 Síkoriurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar; Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni sem aðallega eru notuð til mannelis, ót. a.
8. Á 13. kafla:
 a. Fyrirsögn 13. kafla orðist svo:
 Jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og ekstraktar úr jurtaríkinu.
 b. Í stað svigans „(nr. 19.01)“ í athugasemd b við 13. kafla komi: (nr. 19.02)
 c. Í stað svigans „(nr. 33.05)“ í athugasemd h við 13. kafla komi: (nr. 33.06)
 d. 13.01 falli brott.

9. Á 14. kafla:

- a. Í stað orðanna „Flétti- og útskurðarefni“ í fyrirsögn 14. kafla komi: Fléttiefni.
 b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 4 við 14. kafla komi: (nr. 96.01)
 c. 14.04 falli brott.

10. Á 15. kafla:

- a. 15.09 falli brott.
 b. 15.14 falli brott.
 c. 15.15 orðist svo:
 15.15 Hvalraf (spermacet), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað; býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað
 d. 15.17 orðist svo:
 15.17 Degras; leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- eða dýraríkinu

11. Á 17. kafla:

- a. 17.02 ásamt skiptilið, 01, orðist svo:
 17.02 Annar sykur í föstu formi; siróp án bragð- og litarefna; hunangslíki, einnig blandað náttúrulegu hunangi, brenndur sykur:
 01 — Drúfusykur (glúkósi), án bragð- eða litarefna
 b. 17.03 ásamt skiptiliðum orðist svo:
 17.03 Melassi:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
01 — Til fódurs	%	%	%	%	%	%
02 — Með bragð- eða litarefnum, ót. a.	0		0		0	
09 — Annar	70		70		70	
	20		20		20	

- c. 17.05 falli brott.

12. Á 19. kafla :

- a. 19.01 falli brott.
 b. 19.02 ásamt nýjum skiptilið, 02, orðist svo:
 19.02 Maltextrakt; vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
02 — Maltextrakt	%	%	%	%	%	%
	25	10	20	5	15	0

- c. 19.06 falli brott.

- d. 19.07 orðist svo:

19.07 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta; altarisbrauð, hylki fyrir lyf, innsiglungaroblátur, risþynnur og þess konar vörur

13. Á 21. kafla:

- a. Ný athugasemd, e, bætist við 1. athugasemd við 21. kafla og orðist svo:
 e. Tilreidd enzym sem teljast til nr. 35.07.
 b. 21.01 falli brott.

- c. 21.02 ásamt nýjum undirlið svo og skiptiliðum orðist svo:
- 21.02 Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum; brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:
— Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum; brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

11	—	—	Brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim	34	14	26	7	17	0
19	—	—	Annað	70		70		70	

- d. Við nr. 21.07 bætist nýr skiptiliður, 12, er orðist svo:

12	—	Síróp með bragð- eða litarefnum	70		70		70		
----	---	---------------------------------------	----	--	----	--	----	--	--

14. Á 25. kafla:

- a. Á eftir orðunum „Sé ekki annað tekið fram“ í athugasemd 1 við kaflann komi:

... eða sérstaklega tilgreint í 3. athugasemd hér að neðan.

- b. Athugasemd 2 g við kaflann orðist svo:

- g. Tilbúnir kristallar (þó ekki optiskar vörur) úr natríumklórídi eða magnesíumoxydi, 2,5 g að þyngd eða meira hver einstakur kristall (nr. 38.19), og optiskar vörur úr natríumklórídi eða magnesíumoxydi (nr. 90.01).

- c. Ný athugasemd, 3, bætist við kaflann og orðist svo:

- 3. Til nr. 25.32 teljast m. a.: jarðlitir, einnig brenndir eða blandaðir innbyrðis; náttúrlegur járngljásteinn; merskúm (einnig í slípuðum stykkjum) og raf; plötur, stengur o. þ. h. sem gert er úr samanlímdu en ekki frekar unnu merskúmi eða rafi; harðkol (jet); náttúrlegt strontíumkarbónat (einnig brennt), þó ekki strontíumoxyd; brotin leirvara.

- d. 25.09 falli brott.

- e. 25.19 orðist svo:

- 25.19 Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít); brædd magnesia; glædd magnesia, einnig blönduð litlu magni af öðru oxydi fyrir glæðingu; annað magnesíumoxyd, einnig kemískt hreint

- f. 25.25 falli brott.

- g. 25.29 falli brott.

- h. 25.32 orðist svo:

Jarðefni, ót. a.

15. Á 27. kafla:

- a. „33.02“ í athugasemd 1 c við kaflann falli brott.

- b. 27.04 ásamt nýjum undirliðum, 10 og 20, orðist svo:

- 27.04 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó, einnig í töflum; gaskoks:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

10	—	Koks og hálfkoks úr steinkolum; gaskoks	0		0		0		
20	—	Koks og hálfkoks úr brúnkolum eða mó	0		0		0		

- c. 27.05 falli brott.

16. Á VI. flokki:

Ný athugasemd, 3, bætist við flokkinn og orðist svo:

3. Vörusamstæður (sett) úr tveimur eða fleiri efnisþáttum, sem sumir eða allir teljast til þessa flokks og ætlast er til að blandað sé saman svo að úr verði framleiðsluvara er telst til VI. eða VII. flokks, skulu teljast til þess tollskrárnúmers sem sú framleiðsluvara fellur undir, enda uppfylli efnisþættirnir eftirtalin skilyrði:

- a. Að augljóst sé af frágangi efnisþáttanna að nota eigi þá saman án endurpökkunar áður.
- b. Að efnisþættirnir séu innfluttir saman.
- c. Að ljóst sé, bæði vegna eðlis efnisþáttanna og magnhlutfalls þeirra innbyrðis, að þeir eigi fyllilega saman.

17. Á 28. kafla:

a. Athugasemd 3 a orðist svo:

a. Natriumklóríd og magnesíumoxyd, einnig kemískt hrein, og önnur steinefni sem teljast til V. flokks.

b. Orðin „úr magnesíumoxydi eða“ í athugasemd 3 e við kaflann falli brott.

c. Á eftir orðinu „góðmálmar“ í athugasemd 3 f við kaflann komi:

... og legeringar góðmálma.

d. Á eftir orðinu „Málmar“ í athugasemd 3 g við kaflann komi:

... og málmlegeringar.

e. Orðin „úr magnesíumoxydi eða“ í athugasemd 3 h við kaflann falli brott.

f. 28.07 falli brott.

g. 28.11 falli brott.

h. 28.18 orðist svo:

28.18 Hydroxyd og peroxyd magnesíums; oxyd, hydroxyd og peroxyd strontíums og bariúms

i. 28.24 orðist svo:

28.24 Kóbaltoxyd og kóbalthydroxyd; venjulegt kóbaltoxyd

j. 28.26 falli brott.

k. 28.30 orðist svo:

28.30 Klóríd, oxyklóríd og hydroxyklóríd; brómíd og oxybrómíd; jódíd og oxyjódíd:

l. 28.31 orðist svo:

28.31 Hypoklórít; venjulegt kalsíumhypoklórít; klórít; hypobrómít

m. 28.32 orðist svo:

28.32 Klóröt og perklóröt; brómöt og perbrómöt; jódöt og perjódöt

n. 28.33 falli brott.

o. 28.34 falli brott.

p. 28.41 falli brott.

q. 28.53 falli brott.

r. 28.55 orðist svo:

28.55 Fosfíd, einnig án kemískrar skýrgreiningar

s. 28.56 orðist svo:

28.56 Karbíd, einnig án kemískrar skýrgreiningar:

t. 28.57 orðist svo:

28.57 Hydríd, nítírd, azíd, silícíd og bóríd, einnig án kemískrar skýrgreiningar

u. 28.58 orðist svo:

28.58 Önnur ólífræn sambönd (þar með talið eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekktum hreinleika); fljótandi andrúmsloft (einnig þótt eðalgösin hafi verið fjarlægð); samþjappað andrúmsloft; amalgöm önnur en amalgöm góðmálma

18. Á 29. kafla:
- a. Athugasemd 1 h við 29. kafla orðist svo:
 - h. Eftirtalin efni afmælds styrkleika til framleiðslu á azólitarefnum: Díazóníumsölt og tengilefni þeirra, díazóteranleg amin og sölt þeirra.
 - b. Eftirgreindur nýr liður, g-liður, skal koma í athugasemd 2 við 29. kafla og bókstafstákn á núverandi liðum jafnframt breytast úr g-i í h-k:
 - g. Enzym (nr. 35.07).
 - c. 29.17 falli brott.
 - d. 29.18 falli brott.
 - e. 29.20 falli brott.
 - f. 29.32 falli brott.
 - g. Í stað orðanna „hormón og enzym“ í fyrirsögn undirkafla XI í 29. kafla komi: ... og hormón
 - h. 29.40 falli brott.
19. Á 30. kafla:
Í stað svigans „(nr. 33.05)“ í athugasemd 2 a við kaflann komi: (nr. 33.06)
20. Á 32. kafla:
- a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
 - 2. Til nr. 32.05 teljast blöndur stabiliseraðra díazóníumsalta og tengilefna þeirra til framleiðslu á azólitarefnum.
 - b. 32.01 orðist svo:
 - 32.01 Sútunarefnaextraktar úr jurtaríkinu; sýtunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannin dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum
 - c. 32.02 falli brott.
 - d. Aftan við orðin „í smásöluumbúðum“ í lok texta nr. 32.09 komi: ; upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:
21. Á 33. kafla:
- a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
 - 2. Sem „ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur“ í nr. 33.06 teljast m. a.:
 - a. Tilbúinn lyktareyðir fyrir hýbýli, einnig með ilmefni.
 - b. Vörur, einnig óblandaðar (þó ekki vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía) sem nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar eða sem lyktareyðir fyrir hýbýli og eru í smásöluumbúðum er gefa slíka notkun til kynna.
 - b. 33.01 orðist svo:
 - 33.01 Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóid; konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enflourage eða maceration; terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum
 - c. 33.02 falli brott.
 - d. 33.03 falli brott.
 - e. 33.05 falli brott.
 - f. 33.06 ásamt nýjum skiptilið, 13, orðist svo:
 - 33.06 Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur; vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

13 — Vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir olía, einnig þótt nota megi til lækninga

0 0 0

22. Á 35. kafla:

- a. Aftan við orðið „klístur“ í fyrirsögn við kaflann komi: ; enzym.
 b. Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
 1. a. Ger (nr. 21.06).
 b. Lyfjavörur (nr. 30.03).
 c. Enzymframleiðsla til forsútunar (nr. 32.03).
 d. Enzymframleiðsla til þvotta og aðrar vörur sem teljast til 34. kafla.
 e. Prentaðar vörur úr gelatíni (49. kafli).
 c. Á eftir orðunum „önnur próteín“ í nr. 35.04 komi:
 (þó ekki enzym sem teljast til nr. 35.07).
 d. Nýtt tollskrárnúmer, 35.07.00, bætist við kaflann og orðist svo:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
35.07.00 Enzym; tilreidd enzym, ót. a.	0		0		0	

23. Á 36. kafla:

- a. Í stað orðanna „Til nr. 36.08 telst einungis“ í upphafi athugasemdar 2 við kaflann komi:
 Sem „eldfim efni“ í nr. 36.08 telst einungis:
 b. 36.03 falli brott.
 c. 36.04 orðist svo:
 36.04 Kveikiþráður; sprengiþráður; hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar
 d. 36.07 falli brott.
 e. 36.08 orðist svo:
 36.08 Ferró-cerium og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar; vörur úr eldfimum efnum

24. Á 37. kafla:

- a. 37.06 falli brott.
 b. 37.07 ásamt nýjum skiptiliðum, 01 og 09, orðist svo:
 37.07 Kvikmyndafilmur, lýstar og framkallaðar, einnig með hljómbandi eða einungis með hljómbandi, negativ eða pösítív:

	Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
01 — Einungis með hljómbandi	35		35		35	
09 — Aðrar	0		0		0	

25. Á 38. kafla:

- a. Athugasemd 1 a 2 við kaflann orðist svo:
 2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, sveppum, rottum og illgresi, efni til að hindra spirun, efni til að stjórna plöntuvexti og önnur þess konar efni í því formi sem tilgreint er í nr. 38.11.
 b. 38.02 falli brott.
 c. 38.03 orðist svo:
 38.03 Ávirk kol; ávirk náttúrleg steinefni; dýrakol, einnig notuð
 d. 38.04 falli brott.
 e. 38.09 orðist svo:

- 38.09 Viðartjara; viðartjörulóliur (þó ekki blönduð upplausnarefni og þynnar er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía; bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr náttúrlegum harpíx-efnum:
- f. 38.10 falli brott.
- g. 38.11 orðist svo:
- 38.11 Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, sveppum, rottum og illgresi, efni til að hindra spírur, efni til að stjórna plöntuvexti og önnur þess konar efni, enda séu þau í smá-söluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofanefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):
- h. Við nr. 38.19 bætist nýr skiptiliður, 47, er orðist svo:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

47 — — Gasvatn og notaður gashreinsunar-leir

0 0 0

26. Á VII. flokki:

Á eftir fyrirsögn við VII. flokk komi ný athugasemd er orðist svo:

Athugasemd:

Vörusamstæður (sett) úr tveimur eða fleiri efnispáttum, sem sumir eða allir teljast til þessa flokks og ætlast er til að blandað sé saman svo að úr verði framleiðsluvara er telst til VI. eða VII. flokks, skulu teljast til þess tollskrárnúmers sem sú framleiðsluvara fellur undir, enda uppfylli efnispættirnir eftirtalin skilyrði:

- a. Að augljóst sé af frágangi efnispáttanna að nota eigi þá saman án endurpökkunar áður.
- b. Að efnispættirnir séu innfluttir saman.
- c. Að ljóst sé, bæði vegna eðlis efnispáttanna og magnhlutfalls þeirra innbyrðis, að þeir eigi fyllilega saman.

27. Á 39. kafla:

- a. Orðið „blævængir“ í athugasemd 1 g við kaflann falli brott.
- b. Tollskrárnúmer 39.07.18 orðist svo:
39.07.18 Flöskur, krukkur, dósir og brúsar, ót.a.; tappar, lok, hettur og annar lokunarbúnaður
- c. Tollskrárnúmer 39.07.81 orðist svo:
39.07.81 Skúffuskápar og hlutar til þeirra.

28. Á 41. kafla:

- a. Í stað „05.06“ innan sviga í athugasemd 1 a við kaflann komi: 05.15.
- b. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.02 komi: 41.06 eða 41.08.
- c. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.03 komi: 41.06 eða 41.08.
- d. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.04 komi: 41.06 eða 41.08.
- e. Í stað „41.06—41.08“ innan sviga í nr. 41.05 komi: 41.06 eða 41.08.
- f. 41.07 falli brott.

29. Á 42. kafla:

Í athugasemd 1 g við kaflann falli tilvitnunin „92.09 eða“ brott.

30. Á 44. kafla:

- a. Á eftir orðunum „vörur úr“ í athugasemd 3 við kaflann komi: trefjaplötum.
 b. Í stað „13.01“ í athugasemd 1 b við kaflann komi: 14.05.
 c. 44.06 falli brott.
 d. 44.08 falli brott.
 e. 44.09 ásamt skiptiliðum, 22 og 23, orðist svo:
 44.09 Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspæinir; tréþráður; pulpviður í smástykkjum eða mylsnu; tréspæinir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum; trjáviður í göngustafi, regnhlífahandföng, verkfærahandföng o. þ. h., grófunninn en ekki renndur, beygður eða frekar unninn:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

- | | | | | | |
|----|---|---|----|----|----|
| 22 | — | Trjáviður í göngustafi, regnhlífar, handföng, verkfærahandföng o. þ. h. | 0 | 0 | 0 |
| 23 | — | Tréþráður | 30 | 30 | 30 |
- f. 44.10 falli brott.
 g. 44.11 ásamt nýjum undirliðum orðist svo:
 44.11 Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðrum þess háttar bindiefnum:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

- | | | | | | |
|----|---|--|---|---|---|
| 10 | — | Byggingarplötur úr pressuðum trefjum (hardboard) | 0 | 0 | 0 |
| 20 | — | Aðrar | 0 | 0 | 0 |
- h. 44.22 orðist svo:
 44.22 Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þar með taldir tunnustafir:
 i. Við nr. 44.27 bætist nýr skiptiliður, 02, er orðist svo:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

- | | | | | | | | | |
|----|---|-------------------------------------|----|---|----|---|----|---|
| 02 | — | Fatahengi og annað þess háttar | 19 | 8 | 16 | 4 | 12 | 0 |
|----|---|-------------------------------------|----|---|----|---|----|---|
- j. Orðin „snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar“ í tollskrárnúmeri 44.28.95 falli brott.

31. Á 46. kafla:

- a. 46.01 falli brott.
 b. 46.02 ásamt skiptilið, 03, orðist svo:
 46.02 Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar; fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:

Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%

03 — Fléttur og aðrar þess konar vörur;

fléttaðir borðar 25 25 25

c. Tilvitnunin „46.01 —“ í nr. 46.03 falli brott.

32. Á 48. kafla:

a. Í 1. línu athugasemdar 2 við kaflann falli orðin „og 48.02“ brott.

b. Í stað orðanna „teljast ekki til þessara númera“ í 4. línu athugasemdar 2 við kaflann komi: telst ekki til þessa númera.

c. Í stað tilvitnunarinnar „48.02“ í 6. línu athugasemdar 4 við kaflann komi: 48.01.

d. Í nr. 48.01 falli orðið „vélunninn“ brott.

e. 48.02 falli brott.

f. 48.06 falli brott.

g. 48.07 orðist svo:

48.07 Pappír og pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki prentaðar vörur er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:

h. 48.09 falli brott.

i. 48.16 orðist svo:

48.16 Kassar, pokar og aðrar umbúðir, úr pappír og pappa; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og annað þess háttar úr pappír og pappa almennt til notkunar í skrifstofum, verslunum o. þ. h.:

j. 48.17 falli brott.

33. Á XI. flokki:

a. Athugasemd 2 við flokkinn orðist svo:

2. A. Vörur, sem geta talist til einhvers númera í 50.—57. kafla og eru úr tveimur eða fleiri spunaefnum, skulu flokkast eins og þær væru eingöngu úr því spunaefni sem mest er af í vörunni miðað við þunga.

B. Þegar farið er eftir því er að ofan greinir gilda eftirfarandi reglur:

a. Málmgarn skal skoðast sem sérstakt spunaefni og þungi þess teljast sem samanlagður þungi spunatrefjanna og málmþráðanna sem það er gert úr. Við tollflokkun vefnaðar ber að telja málmþráð sem spunaefni.

b. Þegar í vörulið er gert ráð fyrir að vörur séu úr mismunandi spunatrefjategundum (t.d. silki og silkiúrgangi, kembdri ull og greiddri ull) ber að skoða þær sem eina tegund.

C. Ákvæði í A- og B-liðum þessarar athugasemdar taka einnig til garns sem um getur í 3. og 4. athugasemd hér á eftir.

b. Ný athugasemd, 8, bætist við athugasemdir við XI. flokk og orðist svo:

8. Sem vefnaður í 50.—57. kafla telst einnig vefnaður sem gerður er úr lögum samsíða þráða sem lögð eru í hvasst eða rétt horn hvert á annað. Lög þessi eru fest saman á mótum þráðanna með límingu eða varmaáðferð.

34. Á 50. kafla:

a. 50.05 orðist svo:

50.05 Garn úr bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi, ekki umbúið til smá-sölu

b. 50.06 falli brott.

- c. 50.07 orðist svo:
50.07 Garn úr náttúrlegu silki, bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi, umbúið til smásölu; silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki
- d. 50.08 falli brott.
- e. 50.09 orðist svo:
50.09 Vefnaður úr náttúrlegu silki, bourette-silki eða öðrum silkiúrgangi
- f. 50.10 falli brott.
35. Á 53. kafla:
- a. 53.12 orðist svo:
53.12 Vefnaður úr hrosshári eða öðru grófu dýrahári
- b. 53.13 falli brott.
- 35A. Á 55. kafla:
Tolltaxti undirliða 10 og 30 í dálkum merktum A í nr. 55.09 breytist og verði: 0% 1978, 0% 1979 og 0% 1980. Tolltaxtar í dálkum merktum E falli brott.
36. Á 57. kafla:
- a. 57.05 falli brott.
- b. 57.07 orðist svo:
